# FRÉTTABLAÐIÐ

204. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 2. SEPTEMBER 2015





**Léttir í lund** Strákarnir okkar skemmtu sér vel á æfingu í gær en liðið er þessa dagana á fullu í undirbúningi fyrir leikinn gegn Hollandi ytra á fimmtudaginn. Fréttablaðið/Valli

# Dæmi um að maka sé þrælað út og laun tekin

**Lögregla hefur rannsakað mál þar sem grunur leikur á að um málamyndahjónaband sé að ræða. Fólk sé fengið til landsins á fölskum forsendum og það hagnýtt.**

„Í sumum málamyndahjónaböndum notfærir makinn sér bágar aðstæður þess sem hingað er kominn. Fólk er látið vinna fleiri en eina vinnu, launin tekin og svo heldur þrældómurinn áfram þegar heim er komið. Í mínum huga er það mansal,“ segir Margrét Steinarsdóttir hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Til hennar hefur í gegnum tíðina leitað fólk sem hefur verið í slíkum hjónaböndum. Mörg þessara mála enda hins vegar ekki á borði lögreglu, fólk er hrætt við að fara lengra með þau enda sönnunarbyrðin oft erfið.

Að sögn Snorra Birgissonar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur lögregla yfirleitt rannsakað slík mál en aldrei hefur tekist að sanna að um málamyndahjónaband sé að ræða. Þá leiki oft grunur á að gengið sé í hjónaband til þess að fá dvalarleyfi.

Málin geta hins vegar verið flókin og í sumum þeirra leikur grunur á að verið sé að hagnýta annan aðilann. Viðkomandi þolandi sé þá kannski fenginn til landsins á fölskum forsendum. Öll réttindi séu nýtt á hans nafni, til dæmis sé sótt um félagslegar bætur. „Það eru dæmi um að aflað sé dvalarleyfis með málamyndahjónabandi og síðan er þolandinn hagnýttur á ýmsan hátt. Maður hefur heyrt af ýmsum útfærslum af þessu,“ segir Snorri.

„Þótt einstaklingur sé staddur löglega á landinu þá getur sá hinn sami samt sem áður verið mansalsfórnarlamb. Hann er mansalsfórnarlamb þegar verið er að notfæra sér bágar aðstæður hans til hagnýtingar,“ segir Margrét og nefnir að til hennar hafi komið konur sem hafi þurft að veita kynlífsþjónustu hvenær sem er og með þeim sem makinn krafði þær um. „Það er mansal,“ ítrekar hún og minnir á að hvorki í Palermo-bókuninni né Evrópuráðssamningnum um aðgerðir gegn mansali sé minnst á að það þurfi að vera fjárhagslegur ávinningur til staðar.

Margrét skrifaði bækling fyrir Jafnréttisstofu fyrir nokkrum árum sem ætlaður var innflytjendum og til þess að ná til fórnarlamba í ofbeldissamböndum. Bæklingurinn var róttækur en í honum er bent berum orðum á hvað nauðung í hjónabandi getur falið í sér og hvernig sé hægt að leita sér hjálpar í slíkum aðstæðum. Meðal þess sem fólki er bent á er að það er refsivert samkvæmt íslenskum lögum að neyða einhvern, hvort sem er karl eða konu, til að ganga í hjónaband. „Ég taldi að efnistökin myndu reynast fólki af erlendum uppruna erfið og ég skil þau sjónarmið mjög vel. Þessi tilvik sem ég fæst við, þetta er minn veruleiki. Það þarf að taka á þessu.“

**– kbg, vh /** **sjá síðu 6**

> **Það eru dæmi um að aflað sé dvalarleyfis með málamyndahjónabandi og síðan er þolandinn hagnýttur á ýmsan hátt.**



Snorri Birgisson hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

> **Fólk er látið vinna fleiri en eina vinnu, launin tekin og svo heldur þrældómurinn áfram þegar heim er komið.**



Margrét Steinarsdóttir hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

# Nám í lyflækningum í fyrsta sinn hér á landi

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn hefur hafið samstarf við virta breska stofnun, Royal College of Physicians, um að framhaldsnám í lyflækningum verði kennt við spítalann.

Fyrir tveimur árum var ófremdarástand á lyflækningasviði Landspítalans en nýir læknar fengust ekki til starfa. Fjármagn fékkst til að efla framhaldsnám við Landspítalann svo bæta mætti stöðuna.

Í gær hófu 36 læknar nám við lyflækningar í kjölfar nýja samstarfsins. „Þetta eru merkileg tímamót. Við sjáum það meðal annars í því að við auglýstum stöðu námslækna og það sóttu fleiri um en við gátum ráðið,“ segir Hlíf Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs Landspítalans.

Hún segir námið opna möguleika fyrir íslenska lækna að hljóta alþjóðlega nafnbót sem auðveldar þeim að komast í virt nám erlendis. **– snæ**

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN**
**Íslendingar í góðri stöðu**
Efnahagsleg staða Íslands er góð í samanburði við Evrópu og Bandaríkin, að mati framkvæmdastjóra Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Hann kynnti skýrslu stofnunarinnar um Ísland í gær.



**SKOÐUN** Guðjón Björgvinsson skrifar um styttingu náms. **14**

**SPORT** Hollensk áhrif á landsliðið í fótbolta. **16**

**MENNING** Arngunnur Ýr hefur yfirtekið Hörpu. **22**

**LÍFIÐ** Glowie hitar upp fyrir Jessie J. **30**

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður



Áfram sama hæglætisveðrið í dag. Skýjað með köflum eða bjartviðri víða um land, en suðvestan 3-8 vestan til á landinu, skýjað og sums staðar dálítil súld. Áfram hlýjast á Austurlandi. SJÁ SÍÐU 20



Sýrlensk börn sjást hér á svefnstað sínum. Börnin eru á flótta ásamt móður sinni.

# Milljónir fyrir sýrlensk börn

**GÓÐGERÐARMÁL** Fjórar milljónir króna hafa safnast hjá UNICEF á Íslandi fyrir börn í Sýrlandi. Mikill kippur kom í söfnunina síðastliðinn föstudag í kjölfar umræðu hér á landi um stöðu flóttafólks.

Talið er að tæplega tvær milljónir sýrlenskra barna séu á flótta. Neyðarsöfnunin er ein af umfangsmestu aðgerðum sem UNICEF á heimsvísu hefur ráðist í frá stofnun samtakanna. Framlögin hafa, að sögn aðstandenda UNICEF á Íslandi, streymt inn á síðustu dögum. Þá hafa fyrirtæki lagt fram fé til málefnisins og eitthvað hefur borið á því að fólk skipuleggi viðburði þar sem ágóði þeirra renni til neyðaraðgerðanna.

Neyðarsöfnunin hófst fyrst árið 2012. Markmið söfnunarinnar er meðal annars að fjármagna starf UNICEF í Makedóníu og Serbíu en þangað hefur stríður straumur flóttafólks verið um langa hríð. Þar þarf að veita börnunum aðhlynningu. Fólk er á flótta frá Sýrlandi vegna stríðs sem þar hófst fyrir fjórum árum. – snæ

**4.000.000 kr.**
**hafa safnast hjá UNICEF á Íslandi fyrir börn í Sýrlandi.**

# Hundar að leik



Margt var um manninn á hundasvæðinu á Geirsnefi í gær. Þangað koma hundaeigendur með hunda sína þar sem þeir leika við aðra hunda en leyfilegt er að sleppa þeim lausum á svæðinu. Fréttablaðið/Vilhelm



Svedman hefur víðtæka reynslu úr utanríkisþjónustunni.

# Nýr forseti ESA

**BRUSSEL** Sven Erik Svedman hefur tekið við sem forseti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA-fríverslunarsamningsins.

Svedman, sem er Norðmaður, hefur víðtæka reynslu úr norsku utanríkisþjónustunni, bæði í ráðuneytinu og sem sendiherra Noregs í Ísrael, Frakklandi og síðast Þýskalandi. Fyrir ráðninguna til ESA starfaði hann sem yfirhagfræðingur í norska utanríkisráðuneytinu.

Forveri Svedmans í forsetastól ESA var Oda Helen Sletnes. Svedman er skipaður til ársloka 2017. – óká






# Íslendingar eftirbátar í meðferðarmálum

**Rannsóknir sýna að kynjaskiptar meðferðir gefa mun betri raun en blandaðar. Þekktur fíknisérfræðingur segir yfirvöld verða að sækja sér nýjustu þekkinguna.**

**SAMFÉLAG** „Það er dásamlegt að sjá hversu margir hafa mætt, en það segir líka ákveðna sögu hverjir eru ekki hér. Það er eiginlega greinandi," segir dr. Stephanie S. Covington, aðalfyrirlesari á ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð sem haldin er á Grand Hótel um þessar mundir. Engir starfsmenn voru sendir á vegum velferðarráðuneytisins né á vegum SÁÁ til að hlýða á fyrirlestrana sem fluttir voru á ráðstefnunni í gær, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Samkvæmt því sem fram kom á ráðstefnunni eru Íslendingar eftirbátar nágrannaþjóða og Bandaríkjanna í áfengis- og vímuefnameðferðum að mörgu leyti.

Covington er heimsþekktur sérfræðingur og frumkvöðull á sviði fíknar frá Bandaríkjunum. Hún hefur skrifað fjölmargar bækur og rannsakað málefnið í tugi ára. Hún segir sér ekki hafa verið vel tekið þegar hún hóf að ræða um nýja nálgun að meðferðarmálum, sem miðar meðal annars að því að kynin þurfi ólík meðferðarúrræði og að áföll leiki stærra hlutverk en áður var talið í fíknisjúkdómum.

„Það eru vissulega breyttir tímar, en margir eiga eftir að taka við sér."

Síðustu ár hefur Covington verið eftirsótt til þess að innleiða breytingar í meðferðargeiranum víða um heim, meðal annars í Bandaríkjunum og í Bretlandi, þangað sem hún heldur næst til þess að vinna fyrir breska ríkið að kynjaskiptri nálgun að meðferðum í fangelsum þar í landi.

„Ímyndið ykkur ef það væri ekki hægt að nálgast geislameðferð við krabbameini á Íslandi, vegna þess að yfirvöld væru ekki búin að sækja sér nýjustu þekkingu á sjúkdómnum. Það yrði allt brjálað. En það er einhvern veginn alltaf þannig með fíknisjúkdóma að þeir mæta afgangi. Ætli það séu ekki leifar af þeirri skömm sem var og er viðloðandi þennan sjúkdóm."



Vogur er ein af fimm meðferðarstofnunum sem SÁÁ rekur. Kristín segir að enginn frá SÁÁ hafi mætt á ráðstefnuna. Fréttablaðið/Heiða

SÁÁ annast rekstur fimm meðferðarstofnana. „Við buðum ráðuneytunum og SÁÁ að koma, en eftir því sem ég kemst næst mætti enginn á þeirra vegum," segir Kristín I. Pálsdóttir, einn skipuleggjenda ráðstefnunnar. „Það er miður. En það gleður mig að sjá hversu margir sáu sér fært að koma og hér er mikið af fagfólki sem hefur áhrif í velferðar- og heilbrigðiskerfinu. Það vekur hins vegar margar spurningar af hverju þeir sem eru ráðandi í meðferðargeiranum hafa svona lítinn áhuga á að fræðast um heilsu kvenna."

Ráðstefnan er haldin á vegum RIKK, rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum, og Rótarinnar, félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda. Fjölmargir sérfræðingar víða að ræddu um meðferðarúrræði í sínum heimalöndum á ráðstefnunni.

olof@frettabladid.is

> **Það er einhvern veginn alltaf þannig með fíknisjúkdóma að þeir mæta afgangi.**
> Dr. Stephanie S. Covington, fíknisérfræðingur.



> **Það vekur hins vegar margar spurningar af hverju þeir sem eru ráðandi í meðferðargeiranum hafa svona lítinn áhuga á að fræðast um heilsu kvenna.**
> Kristín I. Pálsdóttir, Rótarkona.




Fylgstu með á facebook-Lindex Iceland
#lindexiceland
SUSTAINABLE CHOICE
LINDEX

# Þaulreyndur geðlæknir segir of fáa meðferðaraðila fyrir flóttafólk

**SAMFÉLAG** „Við gætum vafalaust tekið við hundruðum flóttamanna en við höfum þó ekki það sem þarf,“ segir Páll Eiríksson geðlæknir um flóttamannavandann og þátttöku Íslendinga.

„Hvar er liðið sem á að taka á móti fólkinu sem gengið hefur í gegnum andlegar og líkamlegar hörmungar og þarf á mikilli þjónustu að halda?“ spyr Páll.

Páll vann í nokkur ár sem geðráðgjafi í flóttamannabúðum í Blekinge í Svíþjóð og kynntist vel þeim vandamálum sem flóttamenn frá Júgóslavíu sem þangað komu kljáðust við. Hann hefur starfað sem geðlæknir hér á landi, í Danmörku, Svíþjóð og Noregi.

„Fólk sem heldur að matarboð eða eitt bros geti breytt hrikalegri vanlíðan vegna foreldramissis, makamissis, missis eigna, lands og þjóða veit ekki hvað það er að tala um. Það þarf svo miklu meira til,“ segir Páll og vitnar í orð Þóris Guðmundssonar, deildarstjóra Rauða krossins í Reykjavík, í Fréttablaðinu fyrr í vikunni. Þórir sagði Ísland auðveldlega geta tekið á móti hundruðum flóttamanna næstu tvö ár.

> Fólk sem heldur að matarboð eða eitt bros geti breytt hrikalegri vanlíðan vegna foreldramissis, makamissis, missis eigna, lands og þjóða veit ekki hvað það er að tala um.
>
> Páll Eiríksson geðlæknir.



Páll tekur dæmi um að Ísland myndi ákveða að taka við 300 flóttamönnum.

„Það þyrftu allir sálfræðihjálp eða að komast til geðlæknis vegna áfallastreitu eða váhrifa. Við höfum ekki slíkan mannskap hér á landi,“ segir Páll og bætir við að fólkið hafi allt upplifað mikil áföll og að flestir hafi séð vini eða fjölskyldumeðlimi svelta, drukkna eða vera drepna. „Þetta fólk er að koma úr vægast sagt hræðilegum aðstæðum. Hvað hafa til dæmis margir Íslendingar séð morð?“

Páll segir mikilvægt að stjórnvöld varist það að taka á móti fleiri flóttamönnum en við ráðum við. „Við eigum þó klárlega að taka á móti einhverjum og gera það eins vel og við getum. Það eru langir biðlistar hjá sálfræðingum og geðlæknum á Íslandi og við verðum að vera í stakk búin að hjálpa fólkinu sem við ætlum að taka á móti þannig að sómi sé að,“ segir Páll. **– ngy**

# Vilja breyta reglum um lesbíur



Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár

**JAFNRÉTTISMÁL** „Við vildum svo gjarnan að sama staða gilti fyrir gagnkynhneigð pör í hjúskap og samkynhneigð pör,“ segir Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár. Fréttablaðið greindi frá því í gær að lesbískum mæðrum væri mismunað því þær væru ekki skráðar mæður barna sinna nema þær hefðu skilað inn yfirlýsingu þess efnis til Þjóðskrár. Hið sama gildir ekki um gagnkynhneigð pör sem hafa getið barn með aðstoð tæknifrjóvgunar.

„Staðreyndin er sú að það eru kröfur gerðar í barnalögum um samþykki þeirrar konu sem er í sambúð eða hjúskap og ekki gengur með barn,“ segir Margrét. „Það er búið að leggjast yfir þetta af lögfræðingum hérna og við sjáum okkur ekki fært að fara gegn lögunum.“ Eignist tvær mæður barn með öðrum hætti en tæknifrjóvgun, svo sem með náttúrulegum hætti með aðstoð karlmanns, ber konunni sem gekk með barnið að feðra það. Hin móðirin verður ekki skráð sem slík nema hún stjúpættleiði barnið.

Við heildarendurskoðun á barnalögum árið 2013 var þessari reglu ekki breytt þrátt fyrir að athugasemdir hefðu ítrekað borist vegna mismununarinnar. Margrét segir að það sé í höndum Alþingis að breyta reglunum. „Það væri eðlilegt að það væri sama regla sem gilti fyrir alla.“ **– snæ**

**LEIÐRÉTT**

*Í frétt Fréttablaðsins í gær var Hildigunnur Hafsteinsdóttir ranglega titluð lögfræðingur hjá Neytendastofu. Hið rétta er að hún er lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum.*

# 40 milljarðar til bænda án þess að markmið hafi verið skoðuð

**Í samningi ríkisins við sauðfjárbændur um beingreiðslur til ræktenda voru sett fram fimm tölusett markmið. Hins vegar hefur ráðuneytið aldrei lagt mat á það hvort þessum markmiðum hefur verið náð.**

**LANDBÚNAÐUR** Rúmlega 38 milljörðum króna hefur verið varið til sauðfjárbænda vegna samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar sem undirritaður var árið 2007 án þess að markmið samningsins hafi verið skoðuð og metin. Ríkisendurskoðandi telur mjög mikilvægt að stjórnvöld leitist ávallt við að meta hvaða árangri opinber framlög skila.

Árið 2007 var undirritaður samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Í fyrstu grein samningsins eru markmið hans talin upp. Voru þau að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda, stuðla að nýliðun í hópi bænda og styrkja búsetu í dreifbýli. Að sauðfjárrækt sé stunduð í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og sjálfbæra nýtingu, örva markaðsvitund bænda og afurðastöðva og halda jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar. Síðast en ekki síst var markmiðið að stuðla að framþróun í sauðfjárrækt.



Tæpum fimm milljörðum ver ríkið í ár til þess að styrkja sauðfjárbændur. Fréttablaðið/Vilhelm

Frá því þessi samningur var undirritaður hafa 38,3 milljarðar runnið í vasa sauðfjárbænda án þess að ráðuneytið hafi metið hvort markmið samningsins hafi náðst. Í tvígang hefur umræddum samningi verið breytt, árið 2009 og síðast í ráðherratíð Steingríms J. Sigfússonar, 2012.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi bendir á að Ríkisendurskoðun hafi farið ofan í saumana á samningagerð ráðuneytisins fyrir nokkru og komið með margvíslegar athugasemdir og boðar eftirfylgni með þeim skýrslum.

„Í skýrslu um skuldbindandi samninga sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, sem kom út árið 2012, benti Ríkisendurskoðun á að ráðuneytið þyrfti að efla eftirlit sitt með framkvæmd samninganna. Ráðuneytið þyrfti að setja verklagsreglur um úttektir undir lok samningstíma og efla þannig samningsgerð og eftirlit. Ríkisendurskoðun vinnur nú að því að fylgja skýrslunum átta eftir.“

> Ráðuneytið þyrfti að setja verklagsreglur um úttektir undir lok samningstíma og efla þannig samningsgerð og eftirlit.
>
> Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi



Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra segir samninginn renna út 2017. „Nú fer vinna í hönd við að gera nýja samninga við bændasamtökin og undirsamninga við stakar búgreinar. Sem lið í þessu ferli vinnur nú Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri að greiningu á sauðfjárræktinni. Við erum nú að fara að setja upp búvörusamninga til langs tíma og viljum mælanlegan árangur og skynsamlegt er að hafa einhvers konar læknisskoðun á samningnum að einhverjum árum liðnum,“ segir Sigurður Ingi.

**sveinn@frettabladid.is**






# Dómur gæti breytt framtíð útboða

**DÓMSMÁL** Nýfallinn hæstaréttardómur í máli Íslenska gámafélagsins gegn sveitarfélaginu Ölfusi gæti haft mikil áhrif á framtíðarskipulag útboða. Gámaþjónustan bauð lægst í útboð á sorphirðu í Ölfusi. Íslenska gámafélagið vildi sjá sundurliðaða tilboðsgerð keppinautar síns en sveitarfélagið sem og Gámaþjónustan neituðu að afhenda gögnin.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál gaf það út í júlí í fyrra að sveitarfélaginu bæri að afhenda gögnin. Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga gagnrýndu úrskurðinn og töldu hann á þeim tíma geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður Ölfuss, líkir skilyrðum sem þessum við það að bakarar yrðu skyldaðir til að veita keppinautum sínum aðgang að uppskriftabókum sínum.



Íslenska gámafélagið mun fá öll útboðsgögn vegna sorphirðu í hendur. Fréttablaðið/Heiða

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, hafði ekki kynnt sér dóminn í gær. „Almennt gefa mál af þessu tagi opinberum aðilum tilefni til þess að skoða vel hvernig standa eigi að útboðum. Þeir hagsmunir gætu annars vegar snúið að því að tryggja nægilegt gagnsæi svo ekki skapist tortryggni um framkvæmdina og hins vegar að því að vernda viðskiptahagsmuni minni aðila með því að veita keppinautum ekki aðgang að viðkvæmum upplýsingum,“ segir Páll Gunnar. **– sa**




# Kynningarfundur í kvöld kl. 20 í verslun 66°NORÐUR í Faxafeni 12.

**Náttúruhlaup sameina mikla hreyfingu, útivist og náttúruupplifun og eru góð leið til að sjá landið á nýjan hátt. Átta vikna námskeið þar sem þátttakendur fá fræðslu, æfingaáætlun og leiðsögn þaulreyndra hlaupara og kynnast spennandi hlaupaleiðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.**

- Hlaupaþjálfun og leiðsögn á vegum Artic Running. Skipt í hópa eftir getu.
- Þjálfarar eru Elísabet Margeirsdóttir, Birkir Már Kristinsson, Gunnur Róbertsdóttir og Helga Þóra Jónasdóttir.

**Fyrir skráningu og frekari upplýsingar skoðið www.natturuhlaup.is, sendið tölvupóst á info@arcticrunning.is.**

---






**La Sportiva Bushido hlaupaskór**
Tæknilegir skór fyrir fjallahlaup,
innan og utan slóða. **Verð 26.900 kr.**



**La Sportiva Helios hlaupaskór**
Léttir hlaupaskór sem eru hannaðir fyrir
hlaup á slóða og götu. **Verð 23.900 kr.**

**Grettir Hlaupabuxur**
Léttar hlaupabuxur sem anda vel.
Herra- og dömusnið. **Verð 9.900 kr.**

66° NORÐUR

# Uppsagnir á Tálknafirði reiðarslag fyrir samfélagið

**SAMFÉLAG** „Fólk er að taka þessu mjög illa en marga grunaði að það væri eitthvað í gangi,“ segir einn þeirra 26 starfsmanna sem sagt var upp störfum hjá sjávarútvegsfyrirtækinu Þórsbergi á Tálknafirði í fyrradag.

Þórsberg er stærsti einstaki vinnuveitandi á Tálknafirði. Í tilkynningu fyrirtækisins segir að þetta hafi verið gert vegna versnandi rekstrarumhverfis í útgerð og bolfiskvinnslu.

„Við vorum kölluð saman og okkur öllum sagt upp nema skrifstofufólki og verkstjórum. Þetta er mjög slæmt í svona litlu samfélagi því það er ekki margt í boði. Þó að þú gætir hugsanlega fengið vinnu á Patreksfirði þá er meira en að segja það að keyra þangað að vetri til,“ segir starfsmaðurinn og bætir við að hann hafi ekki hugmynd um hvað taki við. „Ég veit að langfæstir hafa hugmynd um það hvað þeir fari að gera.“

Fréttablaðið hafði samband við aðra starfsmenn Þórsbergs en af ótta við að verða útskúfað úr samfélaginu á Tálknafirði vildi enginn koma fram undir nafni. „Það er ein fjölskylda á Tálknafirði sem ræður ríkjum og hefur alltaf gert það. Ef maður segir eitthvað á móti hennar hagsmunum fær maður að kenna á því. Þetta er þannig samfélag að það má ekki hundur pissa úti í garði, þá vita allir það um leið.“

Sveitarstjórinn á Tálknafirði, Indriði Indriðason, og stjórnendur Þórsbergs hittust á fundi í gær og fóru yfir stöðu mála. Að sögn Indriða er verið að leita lausna á vandanum. „Menn eru með hugmyndir og mér finnst þær líta nokkuð vel út. Ég get því miður ekki farið nánar út í þær að svo stöddu.“

Indriði segir uppsagnirnar vera reiðarslag fyrir samfélagið. „Ég er þó vongóður um að ástandið blessist. Mér sýnist allir á svæðinu snúa bökum saman til þess að reyna að finna lausn á vandanum.“ – **ngy**



**26 starfsmönnum Þórsbergs í Tálknafirði var sagt upp störfum í fyrradag.** Fréttablaðið/Pjetur

> „Menn eru með hugmyndir og mér finnst þær líta nokkuð vel út. Ég get því miður ekki farið nánar út í þær að svo stöddu.“
>
> Indriði Indriðason, sveitarstjóri á Tálknafirði.

# Ríkisstjórn Færeyja riðar til falls

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnarflokkar Færeyja tapa fylgi sínu ef marka má tölur úr kosningum þar í landi þegar Fréttablaðið fór í prentun. Flokkarnir tveir, Fólkaflokkurin og Sambandsflokkurin, tapa meirihluta sínum og Javnaðarflokkurin verður stærsti flokkur Færeyja.

Aðrir flokkar bæta óverulega við sig, ef frá er talinn vinstriflokkurinn Tjóðveldi, sem bætir við sig um þremur prósentustigum. Tjóðveldi, sem annars er fjórði stærsti flokkur Færeyja, er stærstur í Vestmanna og hefur þar bætt við sig rúmum níu prósentum.

Lítil breyting er á röð stærstu flokka ef frá er talinn Jafnaðarflokkurin sem tekur örugga forystu en var þriðji stærstur á síðasta kjörtímabili. Skoðanakannanir hafa verið nokkuð misvísandi í aðdraganda kosninganna. Sumar hafa bent til þess að ríkisstjórnin haldi velli en aðrar að mynda verði nýja stjórn eftir kosningar.

Miðflokkurinn, flokkur Jenis Av Rana sem vakti mikla athygli hér á landi fyrir að neita að sitja í veislu með Jóhönnu Sigurðardóttur þáverandi forsætisráðherra Íslands vegna þess að hún er samkynhneigð, tapar mjög litlu fylgi. - **snæ**

# Málsvarar höfrunganna




**Hörð mótmæli** **Félagar í hinum ýmsu dýraverndunarsamtökum mótmæltu fyrir utan japanska sendiráðið í höfuðborg Suður-Kóreu, Seúl, í þeirri von að stöðva árlega höfrungaveiði í hvalveiðibænum Taiji í Japan. Víðar var mótmælt, meðal annars í London.** Fréttablaðið/EPA





**Haustsigling um Eystrasaltið 24.-28. október með Princess Anastasia**




**STOKKHÓLMUR-TALLINN-ST. PÉTURSBORG-HELSINKI**

**Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting í 4 nætur um borð í Princess Anastasia, morgunverður, kvöldverður, allar skoðunarferðir og íslenzk fararstjórn.**

Flogið til Stokkhólms og siglt þaðan til Tallinn, St. Pétursborgar og Helsinki.
Flogið heim frá Stokkhólmi.
Gist í tveggja manna klefum með glugga
Innifalinn morgunverður og kvöldverður um borð
Skoðunarferð í hverri höfn
Skemmtistaðir, barir, kaffihús, fríhöfn og spilavíti um borð
Fararstjóri er Emil Örn Kristjánsson.

**Verð frá 159.500,-**

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515 • outgoing@gjtravel.is • www.ferdir.is


# Giftast til að fá aðgang að börnum kvennanna

## Lögfræðingur hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands segir þekkjast að fólki sé haldið nauðugu í málamyndahjónabandi hérlendis og dæmi séu um að menn giftist konum til að fá aðgang að börnum þeirra. Lögregla hefur rannsakað slík mál.

**VELFERÐARMÁL** Margrét Steinarsdóttir hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands segir að í langflestum tilvikum séu það konur sem leiti réttinda sinna þegar um er að ræða málamyndahjónabönd, illa meðferð og mansal.

Í skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins um mansal í heiminum árið 2014 kemur fram að mansal finnist á Íslandi og að einn angi þess séu svokölluð nauðungarhjónabönd þar sem annar aðilinn er á valdi hins í hjónabandinu og kemst ekki burt. Konur séu þvingaðar í hjónaband þar sem þeim sé svo þrælað út við heimilisstörf og í kynlífsánauð.

„Í gegnum árin þá hafa þetta í öllum tilvikum verið konur, ég er reyndar með eitt tilvik þar sem maður giftist konu og var svo haldið sem þræl. Karlmaðurinn er enn hér á landi og ég veit að Útlendingastofnun tók tillit til aðstæðna hans og hann fékk leyfi til dvalar hér á landi vegna tengsla við landið. Það gæti verið að mál hans verði kært til lögreglu.“

Margrét segir manninn hafa gifst konu frá sama landi. Maðurinn flutti hingað til að kvænast henni en þegar hann kom til landsins var hann svo nýttur sem þræll, innan og utan heimilis.



**Margrét Steinarsdóttir**



**Snorri Birgisson lögreglumaður**

Margrét segir tilfellin mismunandi. „Í sumum tilvikum er milliliðið greitt fyrir að koma á hjónabandi og þeim sem giftist líka greidd upphæð. Svo þegar konurnar eru komnar til landsins þá þurfa þær jafnvel að greiða aukaþóknun til makans sem annars segist láta Útlendingastofnun vita að um málamyndahjúskap sé að ræða.“

Hún segir þá sem giftast til að öðlast betra líf vilja vinna sér inn peninga til að senda til fjölskyldu í heimalandinu. „En verða svo fyrir illri meðferð. Enginn gerir ráð fyrir því að verða fyrir ofbeldi og misnotkun.“

Þá þekkist það að karlmenn giftist konum til að fá aðgang að börnum þeirra. „Það hafa komið upp dæmi um börn sem hafa verið flutt hingað. Foreldrarnir hafa samþykkt að þau komi hingað til fjölskyldna þeirra og svo hafa komið upp erfið barnaverndarmál í kjölfarið. Í einu tilviki sem ég man eftir var um að ræða kynferðisbrot gegn barni.“

Margrét minnir á að hún sé ekki að alhæfa um hjónabönd sem sé stofnað til á þennan hátt. Það séu þessir fáu sem hagnýti sér neyð kvenna með ofbeldi og nauðung sem þurfi að ljósta upp um.

Snorri Birgisson hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu segir slík mál hafa verið til rannsóknar hjá lögreglu en aldrei hafi tekist að sanna að um málamyndahjónaband sé að ræða. Sönnunarbyrðin sé erfið, auk þess sem þolendur upplifi sig oft ekki sem þolendur. Málin hafa verið skoðuð með tilliti til mansals.

kristjanabjorg@frettabladid.is
viktoria@frettabladid.is

# Örfá sæti laus á stærstu Haustráðstefnu Advania

Síðustu forvöð að skrá sig á **advania.is**

## Fjölbreyttir fyrirlestrar tæknileiðtoga

European Space Agency • Google • Daimler Benz • Microsoft • Össur • Vivaldi • DELL • Raytheon | Websense • NCR • Outsystems • Videntifier • Veeam Software • Knowledge Factory




**Verð frá:**

# 29.900 kr.

**Fyrir 10 starfsmenn eða fleiri**

**Harpa** – föstudaginn 4. sept.
Dagskrá og skráning á **advania.is**

advania
Welcome to IT

# Segir alla tækni og búnað geta brugðist

Hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa fer fram sérstök athugun á sjálfvirkum sleppibúnaði björgunarbáta um borð í skipum og bátum. Slíkur búnaður brást í mannskæðu sjóslysi í byrjun júlí. Formaður Sjómannasambandsins segir búnaðinn eiga að virka og eftirlit eiga að vera í lagi.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



**SJÁVARÚTVEGUR** Einhverjir mánuðir geta liðið áður en lokið verður rannsókn á því þegar bátur sökk út af Aðalvík við Ísafjarðardjúp í byrjun júlí. Einn maður fórst í slysinu, en þremur var bjargað.

Jón A. Ingólfsson, rannsóknarstjóri sjóslysa hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa, segir að auk þess sem upplýsa þurfi um hvað orðið hafi til þess að bátnum hvolfdi skyndilega, þá sé rannsakað sérstaklega hvers vegna búnaður sem skjóta átti út eða losa tvo björgunarbáta sem voru á bátnum brást í báðum tilvikum.

Bátnum, Jóni Hákoni BA-60, hvolfdi þegar verið var að draga inn veiðarfæri. Aðstæður voru þó góðar, ölduhæð lítil og hæg norðlæg átt.

Þröstur Leó Gunnarsson, leikari og sjómaður, er einn þeirra sem komust af í slysinu. Í viðtali við Fréttablaðið um miðjan ágúst segir hann sjómenn eiga heimtingu á að fá að vita hvað orðið hafi til þess að björgunarbúnaður bátsins brást.

Neðansjávarmyndir af bátnum sýndu að annar björgunarbáturinn var enn í sæti sínu, en hinn lá óuppblásinn við hlið bátsins.

Sjómenn sem rætt hefur verið við hafa lýst áhyggjum af því að skoðun á björgunarbúnaði sem þessum hafi mögulega hrakað eftir að hafa fyrir nokkrum árum verið færður frá Siglingastofnun á hendur einkafyrirtækja. Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands, telur slíka skýringu ólíklega. Þar sem hann þekki til séu þessir hlutir í góðu lagi. Eftir slysið í júlí hafi hann rætt við þá sem best þekki til og kynnt sér öryggisbúnaðinn sérstaklega.

„Búnaðurinn sem slíkur á að virka og eftirlitið með honum er í góðu lagi eftir því sem ég kemst næst,“ segir hann, en viðurkennir um leið að menn hafi áhyggjur af málinu. „Þetta þarf að rannsaka. Aðalmálið í þessu er hins vegar náttúrlega af hverju báturinn fór svona snöggt á hliðina,“ segir Valmundur og áréttar að mikilvægasta öryggistæki sjómanna sé skipið sjálft.

Jón segir um tíu ár síðan að björgunarbátur losnaði ekki úr gálga sínum í skipsskaða. „En í þessu tilfelli núna brást þetta alveg. Annar losnaði, en hefur trúlega gert það of seint, því ef báturinn er kominn á ákveðið dýpi þá nær búnaðurinn ekki að fleyta honum upp.“

Málið sé hins vegar litið alvarlegum augum og verði rannsakað sérstaklega. „Við erum búin að vera að kynna okkur þennan búnað og hvað getur brugðist í honum. Öll tækni og allur búnaður getur brugðist og það gerðist því miður þarna,“ segir hann. Alla jafna virki búnaðurinn og hafi margsannað gildi sitt.

Aðalmálið við rannsókn slyssins segir Jón hins vegar að finna út því hvað komið hafi fyrir bátinn sem varð til þess að hann sökk á skammri stundu í hæglætisveðri. Einhver bið geti hins vegar orðið á því að lokaskýrsla komi út um atburðinn, því svona rannsókn taki töluverðan tíma.



Sjálfvirkur sleppibúnaður er á björgunarbátum sem skylda er að hafa á fiskiskipum og bátum, eins og þeim sem hér sjást við bryggju á Stöðvafirði. Fréttablaðið/Valli

## Önnur dæmi um bilun í sleppibúnaði

**4. júní 2004 sökk Gústi í Papey SF 188** þar sem hann var á leið til Húsavíkur úr slipp á Seyðisfirði. Áhöfninni var bjargað, en þegar skipið sökk skilaði sér bara annar björgunarbátur þess. Rannsóknarnefnd samgönguslysa taldi í skýrslu sinni mjög alvarlegt að aðeins annar sleppibúnaðurinn hefði virkað. Ráðgerð var frekari rannsókn en niðurstöður hennar er ekki að finna á vef stofnunarinnar.

**20. maí 2005 sökk Hildur ÞH 38.** Skipverjar náðu ekki að losa björgunarbát sem sökk með bátnum. Þeir náðu til fiskikara sem flutu á sjónum og héldu í stroffu á þeim, en komust svo upp í annan björgunarbát sem skaut upp eftir að Hildur var sokkin. „Nefndin telur mjög alvarlegt að annar gúmmíbjörgunarbáturinn hafi ekki losnað frá skipinu þrátt fyrir að hann hafi verið búinn bæði handvirkum og sjóstýrðum losunarbúnaði,“ segir í umsögn Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

> Búnaðurinn sem slíkur á að virka og eftirlitið með honum er í góðu lagi eftir því sem ég kemst næst.
>
> Valmundur Valmundsson formaður Sjómannasambands Íslands






# Grindarbotn kvennaheilsa

- Finnur þú fyrir veikleika í grindarbotni, eins og áreynsluþvagleka, þreytu eða þyngslatilfinningu í grindarbotninum?
- Finnur þú fyrir tíðri þvaglátsþörf og tíðum þvaglátum?
- Ertu með varnarspennu eða verki í grindarbotni og óþægindi vegna þess?

**Ef svo er áttu erindi til okkar**

Tvö 12 vikna námskeið hefjast í Hlíðasmára 15, Kópavogi, þriðjudaginn 8. september: kl. 16.30 og 17.30

*Ef ekki næst full þátttaka verða námskeið felld niður eða sameinuð.*

*Takmarkaður fjöldi*

**Leiðbeinendur:**
**Þorgerður Sigurðardóttir og Guðrún Magnúsdóttir sjúkraþjálfarar**

Skráning og nánari upplýsingar:
grindarbotn@gmail.com
eða í síma 564-5442

TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN





Forsvarsmenn háskóla auk fulltrúa Erasmus + á Íslandi. Mynd/Rannís

# Erasmus + styrkir nema 310 milljónum króna

**MENNTAMÁL** Veittir hafa verið styrkir fyrir 310 milljónir króna (2,2 milljónir evra) til 14 skóla, stofnana og samtaka úr Erasmus + menntaáætlun Evrópusambandsins á Íslandi. Styrkirnir eru vegna verkefna á þessu ári en úthlutunin er vegna umsókna sem bárust í flokkinn „Stefnumiðuð samstarfsverkefni“.

Skrifað var undir samninga vegna styrkjanna í byrjun vikunnar. „Þessi hluti Erasmus + nær til leik-, grunn-, framhalds- og háskóla og til fyrirtækja og stofnana sem bjóða upp á sí- og endurmenntun,“ segir í tilkynningu Rannís, sem rekur landsskrifstofu Erasmus + á Íslandi. Alls bárust 27 umsóknir þar sem sótt var um 5,1 milljón evra.

„Nokkur verkefni snúa að jafnréttismálum og kynjafræði, önnur að menntun í ferðaþjónustu, nokkur eru tengd nýsköpun og enn önnur snúa að því að hlúa að þeim sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu.“ Þá er bent á að eitt verkefnanna tengist beint skapandi greinum á landsbyggðinni, auk þess sem Mannréttindaskrifstofa Íslands hafi fengið styrk til að þróa þjálfunaraðferðir vegna móttöku nýbúa.

Starfsmenntahluti umsókna fékk hæstu styrkina, eða sem svarar um 96 milljónum króna. „Enn á eftir að úthluta til skólahlutans upphæðum til verkefna sem er stýrt af erlendum skólum. Heildarupphæðin á því eftir að hækka.“ – óká

### Verkefnin sem fá styrk

| Stofnun | Verkefni | Upphæð |
|---|---|---|
| Háskólinn á Bifröst | *Menntun fyrir ófaglærða í ferðaþjónustu* | 36,9 m.kr. |
| Háskólafélag Suðurlands | *Fræðsla og stjórnun í ferðaþjónustu* | 13,5 m.kr. |
| Þekkingarnet Þingeyinga | *Skapandi greinar í heimahéraði* | 46,3 m.kr. |
| Háskóli Íslands | *Netútgáfa orðabókar* | 22,4 m.kr. |
| Háskólinn á Bifröst | *Þróun fjarnáms í viðskiptalögfræði* | 24,2 m.kr. |
| Háskólinn Íslands | *Kynjafræði og heimspeki* | 18,8 m.kr. |
| Vinnumálastofnun | *Styrking kvenrekinna fyrirtækja á landsb.* | 41,2 m.kr. |
| Jafnréttishús | *Ferkantaðar konur* | 23,1 m.kr. |
| Mannréttindaskrifstofa Íslands | *Þjálfun fyrir móttöku nýbúa* | 6,4 m.kr. |
| Þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta | *Teach CVE* | 29,1 m.kr. |
| Leikskólinn Holt Reykjanesbæ | *Frá lýðræði til læsis* | 14,3 m.kr. |
| Leikskólinn Kirkjuból Garðabæ | *Þetta er ég* | 15,4 m.kr. |
| Lágafellsskóli Mosfellsbæ | *Út fyrir boxið* | 8,8 m.kr. |
| Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu | *Heilsa þín er verðmæti* | 9,9 m.kr. |

# Sturtuklefarnir eru komnir !




## Verð frá 48.900

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

# Flóttafólk í Evrópu









1 Flóttafólki bjargað um borð í ítalskt herskip út af ströndum Líbíu.

2 Írönsk móðir, á flótta til Evrópu, hugar að barni sínu í járnbrautarlest í ungverska bænum Hegyeshalom á landamærum Austurríkis og Ungverjalands.

3 Ungverska óeirðalögreglan fylgist með flóttafólki á Keleti-járnbrautarstöðinni í Búdapest, stærstu brautarstöð borgarinnar, en henni var lokað um tíma í gær meðan flóttafólk var rekið út.

4 Íbúar í München tóku á móti flóttafólki með gjöfum í gær á aðalbrautarstöðinni.


BOSCH
Invented for life

Nú eru tilboðsdagar hjá okkur í fullum gangi.

Framúrskarandi Bosch heimilistæki og falleg gjafavara.






**Kæli- og frystiskápur**
KGE 36AI32
Úr stáli (kámfrír).
Orkuflokkur A+.
ChillerBox-skúffa.
LED-lýsing.
Mál: 186 x 60 x 65 sm.
**Tilboðsverð: 129.900 kr.**
**Fullt verð: 159.900 kr.**



**Uppþvottavél**
KGE 36AI32
Sérlega hljóðlát, 40 dB.
Orkuflokkur A++.
Sex kerfi. Hnífaparaskúffa.
**Tilboðsverð: 159.900 kr.**
**Fullt verð: 189.900 kr.**



**Töfrasproti**
MSM 66020
Kraftmikill, 600 W.
**Tilboðsverð: 8.900 kr.**
**Fullt verð: 11.700 kr.**

Opið virka daga frá kl. 11 – 18
og á laugardögum frá kl. 11- 16.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is
Sími 520 3090

Öll tilboð gilda til og með 5. september eða á meðan birgðir endast.

# Lager-hreinsun

á völdum vörum

**2. september til og með 5. september**

# 50-70%

**Göngubuxur - Bakpokar - Five fingers**
**Skór - Jakkar - Ofl.**

**20% afsláttur af öðrum vörum**

**Takmarkað magn ekki missa af þessu**

Íslensku
**ALPARNIR**
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8 · 108 Reykjavík

sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is







Allt það besta hjá 365
ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*
Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.
*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365



Barack Obama Bandaríkjaforseti á fundi með frumbyggjum í Alaska. Fundurinn var haldinn í gær í tengslum við ráðstefnu norðurskautsríkja um loftslagsmál og norðurslóðir. NordicPhotos/AFP

# Ætlar í keppni við Rússa um Norður-Íshafið

**Obama Bandaríkjaforseti hyggst auka umsvif Bandaríkjamanna í Norður-Íshafi. Nýlega gaf hann Shell leyfi til að bora þar eftir olíu og hefur fengið gagnrýni fyrir.**

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar að fjölga bandarískum ísbrjótum í Norður-Íshafinu. Hugmyndin virðist greinilega vera sú að mynda mótvægi við aukin umsvif Rússa á norðurslóðum.

Í minnisblaði frá Hvíta húsinu kemur fram að Rússar séu nú þegar með 40 ísbrjóta þar og að ellefu séu væntanlegir til viðbótar, en bandaríska strandgæslan sé einungis með þrjá ísbrjóta í flota sínum. Þarna verði að bæta úr til að tryggja að „Bandaríkin geti komið til móts við þjóðarhagsmuni okkar, verndað og stýrt náttúruauðlindum okkar og styrkt tengsl okkar á alþjóðavettvangi og heima fyrir“.

Í ávarpi sínu á ráðstefnu norðurskautsríkja um loftslagsmál, sem haldin var í Alaska í gær, lagði Obama áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum og hvatti aðildarríkin til þess að leggja sig betur fram í þeim efnum.

„Við erum ekki að bregðast nógu hratt við. Ekkert þeirra ríkja sem eiga fulltrúa hér er að bregðast nógu hratt við,“ sagði hann. „Og við skulum bara tala heiðarlega. Það hafa alltaf verið raddir gegn því að grípa til aðgerða."

Hann sagði það vitað nú orðið að athafnir manna hefðu í reynd áhrif á andrúmsloftið. „Á því leikur enginn vafi. Allt annað er pólitík,“ sagði Obama.

Sjálfur hefur hann hins vegar sætt gagnrýni fyrir að hafa fyrir fáum vikum veitt olíufyrirtækinu Shell leyfi til að bora eftir olíu í Norður-Íshafinu út af ströndum Alaska. Í tuttugu ár hafa olíuboranir á þessum slóðum verið bannaðar af umhverfisástæðum.

„Þetta tvennt stangast á,“ sagði bandaríski rithöfundurinn Bill McKibben á ráðstefnu sem haldin var í París í gær um leiðir til þess að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. „Það er mjög erfitt fyrir Obama eða hvern sem er að segja: Sjáðu nú til, við tökum þetta mjög alvarlega, þetta er stærsta vandamál sem heimurinn hefur staðið frammi fyrir, en það er samt í góðu lagi að fara af stað og bora eftir nýjum olíulindum í Norður-Íshafinu.“

**40** rússneskir ísbrjótar eru í notkun í Norður-Íshafinu en aðeins þrír bandarískir.

Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra í ríkisstjórn Obama og líklegur arftaki hans á forsetastól, er á meðal þeirra sem hafa gagnrýnt ákvörðun hans um að veita Shell leyfi til olíuborana á norðurslóðum: „Norður-Íshafið er einstæður fjársjóður. Út frá því sem við vitum, þá er það ekki þess virði að taka áhættuna á borunum,“ sagði hún á Twitter-síðu sinni í ágúst, þegar Obama hafði tilkynnt um ákvörðun sína.

Á meðal þátttakenda á ráðstefnunni í Alaska í gær var Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra. Samkvæmt tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu fjallaði hann þar um mikilvægi endurnýjanlegra orkugjafa til að sporna við neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum.

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Sjö þúsund blaðsíður tölvuskeyta birtar

**BANDARÍKIN** Nýjasti skammturinn af tölvupóstum Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var birtur í gær á vefsíðu bandaríska utanríkisráðuneytisins.

Þar kemur meðal annars fram að Clinton hafi verið afar tortryggin í garð fjölmiðla. Einnig að einn helsti ráðgjafi hennar, Sidney Blumenthal, hafi ekki haft mikið álit á John Boehner, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings: „Drykkfelldur og latur,“ eru þau orð sem Blumenthal hafði um Boehner.

Þetta þykir heldur betur fréttnæmt í Bandaríkjunum, en alls voru það 4.368 tölvuskeyti sem birt voru á vefsíðu ráðuneytisins í gær, eða um sjö þúsund blaðsíður.

Jafnframt sést að ráðuneytið hafi metið það svo að 150 tölvuskeyti verði að teljast trúnaðarmál sem ekki þola birtingu.

Þetta stangast á við yfirlýsingar Clinton, sem hefur haldið því statt og stöðugt fram að engin trúnaðarmál hafi verið að finna í tölvupóstunum. **– gb**



Hillary Clinton vistaði tölvupóstana á eigin tölvu fram hjá tölvupóstkerfi ráðuneytisins og hefur sætt harðri gagnrýni fyrir það fyrirkomulag. Fréttablaðið/EPA




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Að viðurkenna vandann



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Ísland er eftirbátur nágrannaþjóða sinna og Bandaríkjanna í áfengis- og vímuefnameðferðum. Þetta kom fram í gær á ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð sem Fréttablaðið greinir frá en dr. Stephanie S. Covington var aðalfyrirlesari. Covington er frumkvöðull í rannsóknum á meðferð kvenna að því er varðar fíkn og bata af henni. Stephanie sagði á ráðstefnunni að það segði ákveðna sögu hverjir væru ekki mættir. Fagráðuneytin og SÁÁ voru boðin velkomin en enginn á þeirra vegum mætti. Kristín I. Pálsdóttir, einn skipuleggjenda ráðstefnunnar og talskona Rótarinnar, félags sem beitir sér fyrir sérstökum meðferðarúrræðum fyrir konur, sagði: „Það vekur hins vegar margar spurningar af hverju þeir sem eru ráðandi í meðferðargeiranum hafa svona lítinn áhuga á að fræðast um heilsu kvenna.“

Konurnar sem standa að Rótinni hafa frá stofnun samtakanna fyrir tveimur árum bent á brotalamir í kerfinu þegar kemur að meðferðarúrræðum fyrir konur. Þær hafa barist fyrir því að meðferðir verði kynjaskiptar að öllu leyti og að einstaklingar undir átján ára aldri séu ekki í meðferð með þeim sem eldri eru. Þær segja rannsóknir sem gerðar hafa verið á síðustu áratugum sýna að um 80 prósent kvenna sem leita sér meðferðar hafi orðið fyrir ofbeldi og að meðferðin sé gagnslítil taki hún ekki tillit til félagslegs raunveruleika sem konur búa við, það er þeirrar staðreyndar að hátt hlutfall þeirra verður fyrir ofbeldi og annarri misnotkun.

SÁÁ-samtökin hafa frá stofnun hjálpað tugþúsundum einstaklinga sem leitað hafa þangað í meðferð við fíknisjúkdómum. Nokkrir dugmiklir karlmenn tóku sig saman á áttunda áratugnum og komu hér á fót meðferðarúrræði að bandarískri fyrirmynd við erfiðar aðstæður og á tíma þar sem takmörkuð sem engin þekking var á þessum vanda. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og ekki er hægt fram hjá því að líta að öll meðferð hjá SÁÁ er þróuð af karlmönnum. Þó að vissulega sé líklega margt sem sameinar kynin í þessum erfiða sjúkdómi er einnig margt sem skilur að. Um svipað leyti og SÁÁ-samtökin voru stofnuð hérlendis voru samtökin Women for Sobriety stofnuð vestanhafs. Þær konur héldu því fram að meðferðarhugmyndafræðin, sem síðan var innflutt hingað til lands, hafi verið þróuð af körlum fyrir karla. Konur hafi allt aðrar þarfir en karlar fyrir sálrænan og tilfinningalegan stuðning.

Það er miður að þeir sem fara fremstir í flokki í meðferðargeiranum hafi ekki haft áhuga á að sækja sér frekari þekkingu um hvað má betur fara þegar kemur að meðferð kvenna og hvernig skuli breyta henni. Formaður SÁÁ hefur sagt viðhorf Rótarinnar vera gamaldags og fordómafull. Staðreyndin er sú að hvergi er að finna hóp kvenna sem þolað hefur meira ofbeldi en einmitt þær konur sem leita sér meðferðar. Geti þau meðferðarsamtök sem fá mest fjármagn frá ríkinu gert eitthvað til að bæta þjónustu sína við þennan hóp er það skýlaus krafa að þau geri það. Tillögur Rótarinnar eru hvorki gamaldags né fordómafullar. Þær eru þvert á móti nýstárlegar og mannúðlegar. Og SÁÁ ætti að leggjast á árarnar með Rótinni til að tryggja þessum hópi örugga og áhrifaríka meðferð við sínum margslungna vanda. Fyrsta skrefið í þá átt gæti verið að viðurkenna vandann og mæta á ráðstefnu til að kynna sér málin.

> **Staðreyndin er sú að hvergi er að finna hóp kvenna sem þolað hefur meira ofbeldi en einmitt þær konur sem leita sér meðferðar.**




- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN Kópavogi

**Skráning og upplýsingar** í síma 564 4030 eða á tennisholllin.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Samfylking lækkar enn**
Jafnaðarmannaflokkur Samfylkingarinnar hefur aldrei verið lægri en nú um stundir. Stjórnmálafræðingar kepptust við að segja að vandi Bjartrar framtíðar væri ekki formannsins en það sama má ekki segja um vanda Samfylkingarinnar. Innan flokksins er nú pískrað um einangraðan Árna Pál sem á ekki bara í engu sambandi við kjósendur heldur í litlu sambandi við flokksfélaga sína og afar takmörkuðum samskiptum við þingmenn sína. Á meðan brýnir Samfylkingarfólk hnífasettið. Formaður sem snýr sér út í horn í stað þess að umfaðma flokkinn sinn má ekki búast við öðru.

**Píratar á siglingu**
Pírataflokkurinn heldur áfram að bæta við sig og er nú kominn í 36 prósenta fylgi. Birgitta Jónsdóttir kvartaði sáran yfir litlili fjölmiðlaumfjöllun um aðalfund Pírata sem var um síðustu helgi. Þar kom fátt nýtt fram. Meint áhugaleysi fjölmiðla virðist ekki hafa áhrif á sigurgönguna og spurning hvort Birgitta sjái ekki samasemmerkið í litlili umfjöllun en miklu fylgi.

**Björt fallin**
Björt framtíð er dottin út af þingi samkvæmt nýjustu könnun Gallup. En könnunin er gerð á löngum tíma og það verður virkilega gaman að sjá hvort nýr formaður mun hífa fylgið upp. Höfund grunar þó að það muni skipta máli fyrir velgengnina hvort formaðurinn verður Óttarr Proppé eða Guðlaug Kristjánsdóttir.

snaeros@frettabladid.is

# Í upphafi skyldi endinn skoða …



**Guðjón S. Björgvinsson**
framhaldsskólakennari

Undanfarna daga hefur talsverð umræða spunnist í fjölmiðlum og á netinu um ákveðna aðferð sem notuð er til að kenna byrjendum að lesa því læsi í þeim skólum þar sem henni er beitt hefur hrakað umtalsvert ef marka má yfirborðslega skoðun á rannsóknum. Menntamálaráðherra hefur af þessu áhyggjur sem vonlegt er og segir að þegar menn spyrji hvernig sú ákvörðun hafi verið tekin að beita þessari aðferð hafi fátt orðið um svör. Hann bætir því svo við að nú verði farið að kalla eftir því með markvissum hætti hvernig slíkar ákvarðanir séu teknar, hvort þær hafi verið raunprófaðar og að við höfum eitthvað í höndunum til að rökstyðja slíkar ákvarðanir. Það er nú svo.

Um þessar mundir er verið að gera grundvallarbreytingar á framhaldsskólakerfinu. Það er verið að skera nám þar niður um 20%. Það verður hins vegar ekki fátt um svör þegar sambærilegum spurningum verður varpað fram eftir sex til átta ár þegar í ljós kemur að íslenskir stúdentar komast ekki beint inn í erlenda háskóla og eiga í sífellt meiri erfiðleikum með nám við íslenska háskóla sökum skorts á undirbúningi. Svörin liggja ljós fyrir nú þegar.

Hverjir tóku ákvörðunina? Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra og nokkrir skoðanabræður hans án mikils samráðs við þá sem málið varðar. Hvernig var slík ákvörðun tekin? Fyrir tilstilli Viðskiptaráðs að því er virðist og í andstöðu við þá sem mesta þekkingu hafa á málaflokknum. Hafa afleiðingar niðurskurðarins verið raunprófaðar og höfum við eitthvað í höndunum til að rökstyðja slíka ákvörðun? Nei, það var rennt blint í sjóinn án nokkurrar athugunar eða rökstuðnings nema vísað til sparnaðar fyrir ríkissjóð.

Menntamálaráðherra mun hafa látið þau orð falla að styttingin (les: niðurskurðurinn) yrði arfleifð sín. Höldum því til haga.

Síðan berast fréttir af því að aðeins 7 prósent nemenda kjósa þriggja ára nám í þeim framhaldsskóla sem býður upp á val um þriggja eða fjögurra ára stúdentspróf. Er það ekki umhugsunarefni?

> **Hafa afleiðingar niðurskurðarins verið raunprófaðar og höfum við eitthvað í höndunum til að rökstyðja slíka ákvörðun?**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Aldraðir eiga mikinn rétt samkvæmt 76. grein



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Fyrir skömmu vannst dómsmál gegn ríkinu, sem höfðað var vegna þess, að svonefndur túlkasjóður greiddi ekki heyrnarlausum lögbundin framlög svo unnt væri að gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og taka þátt í samfélaginu. Helsta málsvörn ríkisins var sú, að ekki hefðu verið til fjármunir til þess að kosta túlk. Fyrir dómi var þessari málsvörn vísað frá og sagt, að réttur heyrnarlausra væri stjórnarskrárvarinn samkvæmt 76. grein stjórnarskrárinnar. Snædís Hjartardóttir fór í prófmál gegn ríkinu, þar eð hún fékk ekki túlkaþjónustu eins og áskilið er. Hún vann málið. Hún gat ekki tekið eðlilegan þátt í samfélaginu án túlkaþjónustu. Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar átti hún rétt á túlkaþjónustu. Lögmaður Snædísar í málinu var Páll Rúnar M. Kristjánsson.

**Eiga aldraðir og öryrkjar sama rétt?**
Aldraðir og öryrkjar eiga einnig rétt á aðstoð frá ríkinu til þess að geta tekið eðlilegan þátt í samfélaginu samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þeir, sem hafa einungis lífeyri frá Tryggingastofnun, geta það ekki. Lífeyrir þeirra er svo naumt skammtaður, að hann dugar ekki fyrir brýnustu útgjöldum og sumir geta hvorki leyst út lyf sín eða leitað læknis.

Ég ræddi við eldri borgara, einhleyping, sem aðeins fær 140 þúsund kr. á mánuði frá Tryggingastofnun eftir skatt. Hann er með 50 þúsund kr. á mánuði úr lífeyrissjóði eftir skatt. TR skerðir tryggingabætur hans vegna lífeyrissjóðsins. Það er gagnrýnisvert. Það á ekki að skerða lífeyri frá TR vegna lífeyris úr lífeyrissjóði, þar eð sá lífeyrir er eign eldri borgarans. Alls er þessi eldri borgari með 190 þúsund kr. eftir skatt. Af þeirri fjárhæð þarf hann að borga öll sín útgjöld, húsaleigu,mat, fatnað, lyf, síma, rafmagn og hita, rekstur bíls o.fl. Hann á í miklum erfiðleikum með að láta enda ná saman og hefur stundum orðið að neita sér um læknishjálp og átt erfitt með að leysa út lyfin sín. Hann kemst ekki á tónleika eða í leikhús og getur ekki veitt sér neitt. Vín er ekki inni í myndinni. Hann hefur ekki efni á internetinu. Húsaleiga hans er lág og það má segja, að það bjargi honum þannig að hann geti alltaf keypt mat. Að mínu mati er verið að brjóta á mannréttindum þessa eldri borgara. Það er verið að brjóta stjórnarskrána. Þessi eldri borgari getur ekki tekið eðlilegan þátt í samfélaginu vegna þess hve lífeyrir hans er naumt skammtaður af ríkinu.

**Brotið á vistmönnum hjúkrunarheimila**
Annað mál vil ég nefna. Það brýtur gegn lögum og stjórnarskrá og er brot á mannhelgi að svipta eldri borgara nær öllum lífeyri sínum frá TR, þegar þeir eru vistaðir á hjúkrunarheimili eða elliheimili. Slíkt fyrirkomulag tíðkast ekki annars staðar á Norðurlöndunum. Þar fá eldri borgarar lífeyrinn í sínar hendur enda þótt þeir séu komnir á hjúkrunarheimili og síðan greiða þeir sjálfir þann kostnað við dvöl á hjúkrunarheimili, sem þeim ber að greiða. Ég tel þetta fyrirkomulag hér augljóst stjórnarskrárbrot. Ef til vill er það einnig brot á lögum og stjórnarskrá, að skerða lífeyri aldraðra frá TR vegna greiðslna til þeirra úr lífeyrissjóði. Eldri borgarar eru búnir að greiða alla sína starfsævi í lífeyrissjóð og lífeyrir þar er þeirra eign. Sú eign á ekki að skerða greiðslur þeirra frá almannatryggingum. Það verður að afnema þessa skerðingu og það verður að gera það strax.

Eldri borgurum er í stjórnarskrá tryggð aðstoð frá ríkinu til þess að lifa eðlilegu lífi og taka fullan þátt í samfélaginu. Þeir eldri borgarar, sem hafa einungis tekjur frá TR hafa fæstir efni á bíl og ekki heldur tölvubúnaði og margir þeirra hafa ekki efni á sjónvarpi eða þvottavél. Allir eldri borgarar eiga að geta lifað eðlilegu lífi eins og borgarar almennt í þjóðfélaginu.

> Aldraðir og öryrkjar eiga einnig rétt á aðstoð frá ríkinu til þess að geta tekið eðlilegan þátt í samfélaginu samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þeir, sem hafa einungis lífeyri frá Tryggingastofnun, geta það ekki.






## Landsliðsmennirnir sem spiluðu ungir að árum í Hollandi



### Eiður Smári Guðjohnsen
**PSV 1994-1997**

Fór fyrst út í atvinnumennsku sextán ára gamall 1995 og gekk til liðs við PSV Eindhoven. Eiður Smári var hjá PSV til ársins 1997 og var kominn inn í aðalliðið þegar hann fótbrotnaði í leik með unglingalandsliði Íslands vorið 1996. Eiður þurfti tæp þrjú ár til að ná sér af þeim meiðslum og var þá kominn til Bolton eftir stutta viðkomu í KR.



### Aron Einar Gunnarsson
**AZ Alkmaar 2006-2008**

Fór fyrst út í atvinnumennsku sautján ára gamall 2006 og spilaði þá fyrst með unglingaliði AZ Alkmaar. Aron Einar spilaði sinn fyrsta aðalliðsleik í febrúar 2008, aðeins viku eftir að hann spilaði sinn fyrsta A-landsleik. Þessi leikur með AZ á móti N.E.C. var hans eini með AZ í hollensku úrvalsdeildinni en Aron Einar samdi við Coventry City um sumarið.

### Jóhann Berg Guðmundsson
**AZ Alkmaar 2009-2014**

Fór fyrst út í atvinnumennsku átján ára gamall í janúar 2009 og skrifaði strax undir fimm ára samning við AZ Alkmaar. Jóhann Berg spilaði sitt fyrsta tímabil með aðalliði AZ Alkmaar 2010-11. Jóhann var alls í fjögur tímabil með AZ eða þar til sumarið 2014. Samningur Jóhanns rann þá út og hann ákvað að semja við enska félagið Charlton.



### Alfreð Finnbogason
**Heerenveen 2012-14**

Alfreð tók kannski ekki fyrstu skrefin sín sem atvinnumaður í Hollandi en hann sprakk út þegar hann spilaði tvö tímabil með hollenska liðinu Heerenveen frá 2012 til 2014. Alfreð skoraði alls 53 mörk í 65 leikjum þessi tvö tímabil en hann varð markakóngur seinna tímabilið þar sem hann skoraði 29 mörk. Alfreð skoraði 24 mörk fyrra tímabilið þar sem hann varð í 3. sæti á eftir þeim Wilfried Bony (31) og Graziano Pelle (27).





### Kolbeinn Sigþórsson
**AZ Alkmaar og Ajax 2007-2015**

Fór fyrst út í atvinnumennsku sautján ára gamall í mars 2007 og spilaði þá fyrst með unglingaliði AZ Alkmaar. Kolbeinn var óheppinn með meiðsli fyrstu árin sín í Hollandi og spilaði ekki sinn fyrsta aðalliðsleik fyrr en árið 2010. Kolbeinn spilaði alls fimm tímabil í Hollandi með AZ og Ajax og skoraði 46 mörk í 112 leikjum í hollensku deildinni.

# Hollensku áhrifin í landsliðinu

**Eiður Smári Guðjohnsen, Aron Einar Gunnarsson, Kolbeinn Sigþórsson og Jóhann Berg Guðmundsson stigu allir fyrstu skrefin í atvinnumennsku í Hollandi og Alfreð Finnbogason raðaði inn mörkum í hollensku deildinni. Hjálpar þetta íslenska liðinu á móti Hollendingum á morgun?**






Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Allar götur síðan Eiður Smári Guðjohnsen fór ungur að árum til PSV Eindhoven um miðjan tíunda áratuginn hafa margir íslenskir knattspyrnumenn stigið fyrstu skrefin sín í atvinnumennsku með hollenskum liðum. Fram undan er stórleikur á móti Hollandi í undankeppni EM 2016 og í stórum hlutverkum í íslenska liðinu eru nokkrir leikmenn sem hafa sterk tengsl við Holland.

Líkt og Eiður Smári þá voru fyrstu kynni Arons Einars Gunnarssonar, Kolbeins Sigþórssonar og Jóhanns Berg Guðmundssonar af atvinnumannalífinu í Hollandi. Alfreð Finnbogason kom reyndar ekki til Hollands fyrr en 23 ára gamall en frábær frammistaða hans á tveimur tímabilum með Heerenveen sá til þess að hann er einn farsælasti erlendi leikmaðurinn í sögu hollensku úrvalsdeildarinnar.

„Ég bjó hérna í nokkur ár og auðvitað er gaman að koma aftur og spila á móti nokkrum strákum sem maður spilaði á móti í hollensku deildinni. Nú fær maður tækifæri til að spila aftur á Amsterdam Arena sem er frábær völlur,“ sagði Jóhann Berg Guðmundsson.

„Ég lærði heilmikið þegar ég kom hingað og þetta var virkilega jákvæður tími fyrir mig hérna í Hollandi þó að hann hafi verið erfiður. Ég lærði alveg helling hérna bæði fótboltalega séð og bara á lífið í rauninni. Það var réttur tími fyrir mig að fara út á þessum tíma og koma hingað til Hollands. Ég er mjög ánægður með tímann sem ég átti hérna og það yrði því enn þá sætara að taka af þeim sex stig í þessari riðlakeppni,“ segir Aron Einar Gunnarsson.

„Ég var að segja það við hollensku fjölmiðlana að það er frábært að koma hingað sem ungur leikmaður til að læra fótbolta. Þú lærir hvernig á að spila fótbolta hérna og það er gott fyrir unga leikmenn að byrja ferilinn hér en fara svo út í aðrar deildir eftir það. Hollenska deildin er núna orðin deild fyrir unga leikmenn sem ætla að koma sér upp á hæsta pall. Ég myndi ráðleggja hvaða leikmanni sem er að koma hingað ungur og þróa sinn leik,“ segir Kolbeinn Sigþórsson.

Enginn þessara fimm leikmanna er enn að spila í Hollandi þegar kemur að þessum mikilvæga leik í Amsterdam Arena á morgun en kannski verða það hollensku áhrifin innan íslenska hópsins sem gera útslagið við að taka taugastrekkta heimamenn úr sambandi eins og í fyrri leiknum í Laugardalnum.

„Við kunnum alveg á þetta hérna í Hollandi,“ sagði Aron Einar léttur og Jóhann Berg vill að menn njóti þess að spila. „Auðvitað eru margir sem hafa spilað hérna í Hollandi en það er enginn að fara út á völl til að sanna neitt. Við verðum bara að hafa gaman af þessu og ná í öll stigin sem eru í boði,“ sagði Jóhann Berg.

„Við erum með mikla reynslu í okkar liði að þekkja það hvernig Hollendingarnir spila. Við vitum nákvæmlega hvað þeim þykir þægilegt og hvað þeir vilja gera. Við erum búnir að fara yfir þeirra leik og við erum með plön sem vonandi virka,“ sagði Kolbeinn.

**ooj@frettabladid.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Selfoss 1–1 Breiðablik**
0-1 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (60.), 1-1 Dagný Brynjarsdóttir (63.).

Aðeins þriðja markið sem Sonný Lára Þráinsdóttir, markvörður Breiðablik fær á sig í sumar.

**Stjarnan 2–1 ÍBV**
1-0 Guðrún Karítas Sigurðardóttir (13.), 1-1 Esther Rós Arnarsdóttir (78.), 2-1 Harpa Þorsteinsdóttir (93.).

**Valur 0–4 Þór/KA**
0-1 Klara Lindberg (69.), 0-2 Klara Lindberg (80.), 0-3 Klara Lindberg (83.), 0-4 Sandra María Jensen (85.).

**Fylkir 6–0 Þróttur**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 44 | Valur | 21 |
| Stjarnan | 39 | KR | 12 |
| Þór/KA. | 30 | Afturelding | 4 |
| Selfoss | 30 | Þróttur | 2 |

**FAGNAÐARLÆTIN BLIKA TÖFÐUST UM VIKU** Kvennalið Breiðabliks tókst ekki að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í leik liðsins gegn Selfossi í gær. Leiknum lauk með 1-1 jafntefli á Selfossi en á sama tíma tókst Stjörnukonum að vinna nauman sigur á ÍBV í Garðabænum.

Þýðir það að Blikar verði að bíða með fagnaðarlætin í að minnsta kosti tæpa viku en næsti leikur liðsins er gegn Þór/KA fyrir norðan á mánudaginn kemur en á sama tíma mætir Stjarnan botnliði Þróttar. Dagný Brynjarsdóttir skoraði jöfnunarmark Selfoss stuttu eftir að Telma kom gestunum yfir en þetta var fyrsta markið sem Sonný Lára Þráinsdóttir, markvörður Breiðabliks, fær á sig í Pepsi-deildinni frá því í maí. Hélt hún hreinu í alls 1.163 mínútur fram að jöfnunarmarki Dagnýjar á Selfossi í gær.

**Augnablik. Víkingur Ólafsvík. Það er málið. Topp eintök. Eina.**
Guðjón Guðmundsson
@gaupinn

**ÓLSARAR KOMNIR Í EFSTU DEILD** Víkingur Ólafsvík tryggði sæti sitt í Pepsi-deildinni á næsta tímabili með stæl í 7-2 sigri á Grindavík í gær. Þrátt fyrir að hafa lent undir í upphafi leiks létu Ólsarar ekki slá sig út af laginu og völtuðu yfir lánlausa Grindvíkinga.

Er þetta í annað skiptið sem Víkingur Ólafsvík kemst upp í efstu deild í sögu félagsins en félagið var síðast í efstu deild sumarið 2013.



„Við vitum hvað við þurfum í Pepsi-deildinni. Við munum læra af veru okkar 2013 og vonandi getum við haldið í þessa leikmenn sem við höfum. Þetta er frábær hópur sem við erum með,“ sagði Ejub Purisevic, þjálfari Víkings, í gær.

## Í dag

**18.00 KR - Afturelding** Alvogen-völlurinn



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 2. september 2015 | 19. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM AÐ PRENTA!
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

## RÍKIÐ BÆTI TJÓN AF VIÐSKIPTABANNINU

→ **Framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunarinnar segir útlitið bjart fyrir Íslendinga**

→ **Viðskiptabann Rússa vinni sjávarútveginum tjón sem hið opinbera geti bætt**

→ **Segir miklar launahækkanir geta valdið Íslendingum vanda**

SÍÐA 6



## Enn tap af rekstri Hörpu



Tap af grunnrekstri Hörpu á fyrri hluta þessa árs nam 169 milljónum króna. Allt síðasta ár var tapið 380 milljónir króna. Samanlagt tap síðustu 18 mánaða af grunnrekstri Hörpu nemur því 549 milljónum króna. Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, segir ljóst að rekstur Hörpu standi ekki undir sér miðað við óbreytt fasteignagjöld en Hörpu er gert að greiða 188 milljónir króna í fasteignagjöld vegna fyrri hluta ársins. → SÍÐA 2

## Olíuverð rauk upp

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað um 25 prósent frá því á fimmtudag í síðustu viku. Það er mesta hækkun sem hefur orðið á svo skömmum tíma í 25 ár. „Sveiflurnar undanfarna daga hafa kannski ráðist af því hversu trúaðir menn eru á að olíuframboðið frá Íran aukist hratt,“ segir Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur og orkubloggari. → SÍÐA 4

## Snýr heim frá New York



Kristján Guy Burgess tekur við starfi framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar þann 1. nóvember næstkomandi. Hann hefur að undanförnu starfað fyrir Atlantshafsbandalagið. „Ég mæti virkilega bjartsýnn til leiks í því að hjálpa til við að koma góðum málum áfram, undirbúa málefnastarf og stefnumótun fyrir flokkinn,“ segir Kristján. Hann hlakkar til að koma heim eftir að hafa verið erlendis í tvö ár með fjölskyldunni. → SÍÐA 8

STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

**Á þeim sjö árum sem liðin eru frá hruni hafa Kaupþingsmenn staðið í rekstri barnaheimila, rekið bari og veitingahús og reynt fyrir sér í tískugeiranum.** → SÍÐA 12

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 75939 09/2015



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR

# Sitt hvað er orð og gjörðir

Skjóðan



**SEÐLABANKINN** hækkar vexti að sögn til að stemma stigu við vaxandi verðbólgu í kjölfar kjarasamninga. Þó er verðbólga lág og fyrirtækin í landinu hafa sum hver lækkað verð vegna þess að kjarasamningarnir eru þeim léttbærari en búist hafði verið við. Erlendis hafa hrávörur lækkað og með styrkingu krónunnar lækka innfluttar vörur. Sé verðbólguógnin raunveruleg stafar hún aðallega af hækkandi fasteignaverði.

**ÞÁ BER** svo við að Seðlabankinn auglýsir Hildu, dótturfélag Eignarhaldsfélags Seðlabankans, til sölu. Inni í Hildu eru 364 fasteignir, sem metnar eru á 6,6 milljarða. Með því að gefa almenningi í landinu kost á að kaupa þessar fasteignir, sem að drjúgum hluta eru íbúðir, getur Seðlabankinn dregið úr þenslu á fasteignamarkaði og hamlað gegn verðbólgu án þess að nota vaxtatækið.

**EN SEÐLABANKINN** gefur íslenskum almenningi ekki kost á að kaupa þessar íbúðir. Félagið skal selt í heilu lagi og þeir einir fá að bjóða í það sem geta sýnt fram á að þeir eigi 750 milljónir til að fjárfesta fyrir. Það verða því eingöngu fjárfestingafélög, lífeyrissjóðir og auðkýfingar sem verða boðnir að borðinu. Þessir aðilar hagnast ekki mest á að selja litlar íbúðir til ungra Íslendinga, eins og mest er þörf fyrir, heldur með því að útbúa gistirými fyrir erlenda ferðamenn og lúxusíbúðir fyrir hina efnameiri.

**ÞESSI SÖLUAÐFERÐ** Seðlabankans kann að hámarka söluverð eignasafnsins til bankans en gengur beint gegn því markmiði bankans að halda verðbólgu í skefjum. Hlutverk Seðlabankans er alls ekki að hagnast sem mest á eignasölu heldur er hans fyrsta og mikilvægasta verkefni að halda verðbólgu lágri.

**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** hlýtur að kalla eftir skýringum seðlabankastjóra á því hvers vegna bankinn vinnur beint gegn lögbundnu verðbólgumarkmiði með eignasölu á sama tíma og vextir á Íslandi eru margfaldir á við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar.

**BORGARSTJÓRNARMEIRIHLUTINN** í Reykjavík segist vilja auka framboð á litlum, ódýrum íbúðum til að létta húsnæðisvanda ungs fólks. Samt rekur meirihlutinn grimma tekjuöflunarstefnu við sölu á íbúðalóðum, stefnu sem gengur þvert gegn því markmiði að auka framboð á ódýrum, litlum íbúðum.

**BORGARSTJÓRINN** gengur svo langt að ætla að brúa mikinn hallarekstur borgarinnar á fyrri hluta ársins með tekjum af lóðasölu. Tekjur af lóðasölu eru eins skiptis tekjur, sem ekki er hægt að nota til niðurgreiðslu á viðvarandi taprekstri, auk þess sem slík tekjuöflun gengur þvert gegn yfirlýstum markmiðum meirihlutans um aukið framboð á litlum og ódýrari íbúðum fyrir ungt fólk í borginni.

**ÞAÐ ER GREINILEGA** sitt hvað orð og gjörðir hinna háu herra.

# Áfram er hundraða milljóna tap af rekstri Hörpu

***Rekstur Hörpu stendur ekki undir sér miðað við óbreytt fasteignagjöld að sögn forstjóra Hörpu. Harpa hefur áfrýjað dómi Héraðsdóms til að fá fasteignamat hússins ógilt. Tap af grunnrekstri Hörpu nam 169 milljónum króna á fyrri hluta ársins.***

Tap af grunnrekstri Hörpu á fyrri hluta þessa árs nam 169 milljónum króna. Allt síðasta ár var tapið 380 milljónir króna. Samanlagt tap síðustu 18 mánaða af grunnrekstri Hörpu nemur því 549 milljónum króna.

Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, segir ljóst að rekstur Hörpu standi ekki undir sér miðað við óbreytt fasteignagjöld en Hörpu er gert að greiða 188 milljónir króna í fasteignagjöld vegna fyrri hluta ársins. „Við borgum fjórum sinnum hærri gjöld á fermetra en Kringlan og Smáralind,“ bendir Halldór á.

Hann segir þó að rekstur Hörpu fari batnandi, tapið á fyrri helmingi ársins 2015 hafi verið 40 milljónum króna lægra en á fyrri helmingi ársins 2014. „Í fyrsta skipti er tapið talsvert lægra en fasteignagjöldin sem við borgum,“ segir Halldór.

Harpa tapaði dómsmáli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Þjóðskrá Íslands í maí, þar sem farið var fram á að fasteignamat hússins yrði ógilt. Harpa hefur áfrýjað því máli til Hæstaréttar. „Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir því að fasteignagjöldin yrðu um það bil helmingi lægri. Þá var einnig reiknað með því að uppbygging á Hörpureitnum yrði samferða Hörpunni. Svo kemur hrunið og þetta dregst allt mjög á langinn. En ég er reyndar ekki í neinum vafa um að ávinningur þjóðarinnar af þessu húsi er gríðarlegur, það komu 1,5 milljónir manna í húsið í fyrra,“ segir Halldór.

> **Við borgum fjórum sinnum hærri gjöld á fermetra en Kringlan og Smáralind.**
>
> *Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu.*

Fasteignagjöldin sem Harpa greiðir renna til Reykjavíkurborgar, sem á 46 prósenta hlut í Hörpu á móti 54 prósenta hlut ríkisins. Ríkið og Reykjavíkurborg greiða um milljarð króna árlega af 19,5 milljarða króna skuldabréfi sem gefið var út til að fjármagna byggingu Hörpu. Þar að auki hafa ríkið og Reykjavíkurborg skuldbundið sig til að greiða beint til reksturs Hörpu um 170 milljónir króna árlega út árið 2016. ingvar@frettabladid.is



**HARPAN** Fasteignagjöld hafa haft mikil áhrif á rekstur Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


# Inflúensu-bólusetningar

**Inflúensubólusetningar draga úr hættu á sýkingu þann vetur sem bólusett er.**

**Læknar og hjúkrunarfræðingar Vinnuverndar ehf. koma í fyrirtæki og bólusetja.**

**Erum að taka niður bókanir í síma 578 0800 og á vinnuvernd@vinnuvernd.is**

Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is



VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu


## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 2. SEPTEMBER**
**Þjóðskrá – Fasteignamarkaðurinn eftir landshlutum**

**FÖSTUDAGUR 4. SEPTEMBER**
**Hagstofan – Vöruskipti við útlönd í ágúst 2015**

**Hagstofan – Gistinætur og gestakomur á hótelum í júlí**

**MÁNUDAGUR 7. SEPTEMBER**
**Þjóðskrá – Íslyklar og innskráning á Ísland.is**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**10 Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**5 Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**1 STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
**NÝHERJI** 151,9% frá áramótum
**HAGAR** 7,0% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
**TM** -21,7% frá áramótum
**SJÓVÁ** -2,5% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 130,00 | 25,0% | 0,0% |
| Eik fasteignafélag* | 7,28 | 7,1% | 2,2% |
| Eimskipafélag Íslands | 242,00 | 2,1% | 3,9% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 43,85 | 25,3% | 2,1% |
| Hagar | 39,70 | -1,9% | 7,0% |
| HB Grandi | 39,00 | 15,4% | 1,8% |
| Icelandair Group | 28,10 | 31,3% | 1,1% |
| Marel | 191,00 | 38,4% | -0,8% |
| N1 | 41,40 | 78,4% | -0,7% |
| Nýherji | 13,05 | 151,9% | 6,1% |
| Reginn | 16,70 | 23,2% | 5,4% |
| Reitir* | 72,90 | 14,1% | 1,7% |
| Sjóvá | 12,07 | 1,0% | -2,5% |
| Tryggingamiðstöðin | 20,60 | -21,7% | -2,4% |
| Vátryggingafélag Íslands | 8,41 | -7,1% | -2,4% |
| Össur | 483,00 | 33,8% | 2,8% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.578,91 | 20,4% | 5,9% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 28,20 | 24,8% | 4,4% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,40 | -24,3% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).




## Gamli góði
20 BITAR
FYRIR 5 MANNS

- Hangikjöt, eggjasalat, fínt brauð.
- Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur, fínt brauð.
- Rækjusalat, fínt brauð.



**3.680 kr.**

## Eðalbakki
20 BITAR
FYRIR 5 MANNS

- Hangikjöt, lauksósa, salatmix, kornbrauð.
- Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir, fínt brauð.
- Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix, kornbrauð.



**3.680 kr.**

## Lúxusbakki
20 BITAR
FYRIR 5 MANNS

- Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa, kornbrauð.
- Kjúklingur, egg, lauksósa, kornbrauð.
- Reyktur lax, íssalat, fínt brauð.



**3.680 kr.**

## Partýbakki
30 BITAR
FYRIR 5 MANNS

- BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat, fín tortilla.
- Fetaostur, rauðlaukur, spínat, tómat tortilla.
- Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa, fín tortilla.



**4.100 kr.**

## Veislubakki
30 BITAR
FYRIR 5 MANNS

- Reykt skinka, egg, íssalat, fín tortilla.
- Tikka masala kjúklingur, íssalat, fín tortilla.
- Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix, tómat tortilla.



**4.100 kr.**

## Heilsubakki
30 BITAR
FYRIR 5 MANNS

- Hummus, granatepli, spínat, gúrkur, heilhveiti tortilla.
- Reyktur lax, salatmix, rjómaostur, heilhveiti tortilla.
- Spínat, fetaostur, rauðlaukur, lauksósa, tómat tortilla.



**4.100 kr.**

## Ávaxtabakki
40 - 60 BITAR
FYRIR 5 - 8 MANNS

- Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.



**2.800 kr.**

## Desertbakki
50 BITAR
FYRIR 10 MANNS

- Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
- Kókostoppar með súkkulaði.



**2.270 kr.**

## Kökubakki
24 BITAR
FYRIR 10 MANNS

- Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
- Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
- Eplakaka með kanilkeim.



**3.300 kr.**

**Bragðgóðir fundir og ljúffengar veislur.**
Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi eða hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru **4 bakkar** eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en **kl. 15:30** næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.**

SÓMI
Ferskt á hverjum degi



**Í BREYTTUM HEIMI** Eid segir að fjölmiðlar gætu orðið fyrirmynd að verklagi sem markaðsfólk þurfi að taka upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Markaðsmenn horfi meira til fjölmiðlafólks

***Heimurinn er að breytast hraðar en áður svo markaðsfólk þarf að bregðast við að sögn Luke Eid, sem stýrir neti stafrænnar miðlunar hjá TBWA. Verklag fjölmiðla geti orðið fyrirmynd.***

„Heiminn breytast mun hraðar en áður,“ segir Luke Eid sem stýrir alþjóðlegu neti stafrænnar miðlunar hjá alþjóðlegu auglýsingastofunnar TBWA. Eid hefur m.a. stýrt stafrænni markaðssetningu fyrir Nissan, Pacific Brands, Coach og Standard Charter Bank. „Auglýsingastofur á borð við TBWA þurfa að bregðast við mun hraðar en áður. Í hefðbundnum markaðsherferðum höfum við haft marga mánuði, jafnvel ár til að undirbúa okkur en í fjölmiðlaumhverfi dagsins í dag þarftu að geta brugðist við samstundis,“ segir hann.

Eid segir það mikla áskorun fyrir markaðsfólk að takast á við þennan breytta heim. Hann nefnir fjórar ástæður fyrir þessum breytingum. Í fyrsta lagi sé hægt að komast þráðlaust á netið nær hvar sem er. Í öðru lagi hafi innreið snjalltækja á borð við síma, úr og jafnvel bíla valdið því að fólk sé alltaf í sambandi við umheiminn. Í þriðja lagi hafi innreið samfélagsmiðla haft miklar breytingar í för með sér. Í fjórða lagi hafi svo þessar tækninýjungar valdið því að tískubylgjur og menning breytist mun hraðar en áður.

„Allt þetta veldur því að vörumerki þurfa að bregðast við mun hraðar en áður,“ segir hann.

„Það er til fræg tilvitnun eftir Ray Kurzweil, verkfræðing hjá Google og rithöfund, sem segir að heimurinn muni ekki sjá 100 ár af framþróun næstu öldina heldur tuttugu þúsund ár. Svo breytingarnar eru að eiga sér stað í veldisvexti.“

Eid segir að fram til þessa hafi markaðs- og auglýsingastofur brugðist við nýjum miðlum með nýjum sérfræðideildum. Innreið internetsins hafi kallað á sérstakar markaðsstofur fyrir netið, sama hafi gilt um snjallsímana og svo síðast með innreið samfélagsmiðla. „En þegar heimurinn er að breytast mun hraðar en áður getur þetta flókna kerfi ekki brugðist nógu hratt við. Svo stóra áskorunin er að endurskipuleggja hvernig við vinnum sem ein heild,“ segir Eid.

Eid nefnir vinnulag fjölmiðlafólks sem góða fyrirmynd að vinnulagi sem markaðsfólk þurfi að taka upp. „Fjölmiðlar eru mjög fljótir að bregðast við hlutum þegar þeir gerast. Ritstjórnin hittist á hverjum morgni og úthlutar verkefnum til blaða- og fréttamana og sendir þá á staði. Þeir koma svo aftur og þá þarf að ákveða hvað er birt. Þetta er fyrirkomulag sem við þyrftum að laga okkur að en erum ekki vön,“ segir Eid.

> **Allt þetta veldur því að vörumerki þurfa að bregðast við mun hraðar en áður.**
>
> Luke Eid, stjórnandi hjá TBWA

Hann telur að næsta bylting verði endurkoma myndbanda. „Við erum komin heilan hring. Kvikmyndir og sjónvarp voru áhrifamesta efnið á 10. áratugnum en svo komu stafrænu miðlarnir og við fórum að gera borða og heimasíður. En við sem skapandi geiri erum einna best í því að segja sögur, við sköpum tilfinningaleg viðbrögð, hlátur eða grát. Ef þú skoðar Facebookveggi þá er meirihluti þeirra orðinn myndir og myndbönd frekar en texti. Mark Zuckerberg hefur sagt að á næstu árum verði Facebook-veggurinn bara myndir og myndbönd svo ég held að við séum að fara aftur í að segja sögur, en leikurinn er breyttur, það verða ekki bara þaulskipulögð 30 eða 90 sekúndna myndbönd. Það gæti þurft að búa til 7 sekúndna myndband til að fá fólk til að horfa á 90 sekúndna myndbandið,“ segir Eid.

ingvar@frettabladid.is



# Olíuverð rýkur upp á örfáum dögum

***Olíuverð hefur að jafnaði hækkað um 25 prósent frá því á fimmtudeginum í síðustu viku. Þetta er mesta hækkun sem orðið hefur á svo skömmum tíma í 25 ár og eiga sérfræðingar í vandræðum með að útskýra þessa þróun.***

Frá fimmtudeginum í síðustu viku hefur olíuverð að jafnaði hækkað um 25%. Í gær var Nymex October West Texas Intermediate vísitalan, sem mælir olíuverð í Bandaríkjunum, 48,9 Bandaríkjadalir þegar hún náði hæstu hæðum. Á mánudaginn hafði hún hins vegar hækkað um 8,8% upp í 49,2 dali.

ICE October Brent, alþjóðleg vísitala olíuverðs sem skráð er í London, mældist hæst 53,5 dalir í gær en lokaði í 50,3 dölum. Hún hafði hækkað um 8,2% upp í 54,2 dali á mánudaginn. Reuters greindi frá því að hækkunin síðastliðna daga væri sú mesta sem hefði orðið á þremur dögum í einu í 25 ár. Fyrir viku náði olíuverð hins vegar lægstu lægðum í sex og hálft ár. Brent October, sem selst hafði á 115 dali í júní 2014, var komið niður í 46,41 dali.

Enn er óljóst hvað hefur valdið hækkuninni. Forsvarsmenn Organization of the Petroleum Exporting Countries (OPEC), sem framleiðir 40% af olíu heimsins, segjast nú tilbúnir til að ræða við aðra hráolíuframleiðendur um að ná „sanngjörnu“ olíuverði og telja sérfræðingar að það gæti hafa haft áhrif á hækkun verðlagsins.

Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur og orkubloggari, segir erfitt að benda á nákvæma ástæðu sveiflunnar, margt komi þar til. „Það er svo sem ekki hægt að fullyrða um það, en sveiflurnar undanfarið hafa kannski ráðist dálítið af því hversu trúaðir menn eru á að olíuframboð frá Íran muni aukast hratt. Þeir sem trúa á að framboð af olíu frá Íran muni aukast hratt vegna kjarnorkusamningsins milli Bandaríkjanna og Írans veðja á lágt olíuverð, þeir sem telja að þetta muni gerast hægar trúa því að olíuverð sé búið að ná ákveðnu lágmarki og hækki. Svo blandast inn í þetta líka efnahagsþróunin í Kína, hvort hún sé að fara að hægja aðeins meira á sér eða hvort hún sé búin að ná ákveðnum lágpunkti,“ segir Ketill.

Hann bendir einnig á að hversu mikið olíuframboð verði í Bandaríkjunum á næstu mánuðum spili einnig inn í. „Þar hefur olíuvinnsla aukist mjög mikið á síðustu árum, en svo þegar olíuverð lækkaði þá hægði mjög mikið á þeirri aukningu, það fór að hætta að borga sig að bora nýja brunna. Þegar olíuverð hækkar svona er ein ástæða þess að eftirspurn í Bandaríkjunum eftir innflutningi kunni að aukast,“ segir Ketill.

Aðspurður segist Ketill ekki geta spáð um hvernig olíuverð muni þróast á næstunni. „Það að ætla að spá um olíuverð er eins og að spá um hvaða númer komi upp á rúllettu í Las Vegas. Sveiflurnar til skemmri tíma eru alltaf svo miklar,“ segir Ketill. Hann bendir þó á að menn ákveði ekki að sækja olíu í jörðu nema þeir trúi að þeir muni fá það verð sem nauðsynlegt er til að fjármagna þá vinnslu. Hins vegar er mismunandi hvað það verð er, það getur til að mynda verið mjög lágt í Sádi-Arabíu.



**BORPALLUR** Almennt kostar sú vinnsla sem nauðsynleg er til að uppfylla olíuþörf heimsins 50-70 dali á hverja tunnu. NORDICPHOTOS/GETTY

„En ef þarf að sækja nýja olíu, þá kemur að því að olíuverð fari að hækka því almennt séð kostar sú vinnsla sem nauðsynleg er til að uppfylla olíuþörf heimsins að minnsta kosti 50-70 dali á hverja tunnu. Það er algjört lágmark, svo eru mörg verkefni sem geta verið mun dýrari. Á endanum fer olíuverðið upp í 70-80 dali, það er alveg öruggt, við bara vitum ekki hvort það gerist eftir nokkra mánuði eða dregst í nokkur ár,“ segir Ketill.

Hann telur þó að það geti verið langt í að við sjáum 100 dala olíu því að þegar olíuverð byrjar að hækka verður aukið framboð sem getur mögulega haldið aftur af frekari hækkun. „En þetta er allt mjög óvíst. Næstu árin verður olíuverð kannski lágt en ómögulegt er að segja hversu lágt það verður,“ segir Ketill að lokum.

saeunn@frettabladid.is

> **Það að ætla að spá um olíuverð er eins og að spá hvaða númer komi upp í rúllettu í Las Vegas.**




# Sáttasemjari fái aukna ábyrgð

***Ákvarðanir stjórnmálamanna þurfa oft að snúast um meira en efnahagsmál, segir Ángel Gurría, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Hann segir að stjórnvöld geti mögulega greitt sjávarútvegsfyrirtækjum bætur vegna viðskiptabanns Rússa á makrílinn. Hann telur að huga þurfi vel að launaþróun á Íslandi.***

**ÚTTEKT**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Efnahagsleg staða Íslands er góð í samanburði við Evrópu og Bandaríkin, að mati José Ángel Gurría, framkvæmdastjóra Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Gurría hefur verið staddur hér á landi undanfarna daga og kynnti skýrslu stofnunarinnar um Ísland.

„Ég held að skilaboðin séu jákvæð. Hagvöxtur er mikill, meiri en 4 prósent í ár og um 3 prósent næsta ár. Ef þú horfir á Evrópu eða Bandaríkin þá virðist þetta vera góð staða. Þið hafið náð að lækka skuldir hins opinbera. Augljóslega er engin verðbólga. Peningastefna Seðlabankans hefur verið mjög góð að mínu mati,“ segir Gurría. Hann bendir á að skuldir heimilanna hafi lækkað undanfarið. Þær hafi verið stórt vandamál fyrir tveimur árum en séu núna viðráðanlegar. „Þetta var stórt vandamál fyrir tveimur, þremur, fjórum árum. Núna eru skuldir heimilanna orðnar viðráðanlegar,“ segir Gurría. Nettóskuldastaða þjóðarinnar sé mjög góð í alþjóðlegum samanburði.

Hann segir því ljóst að þróunin hafi verið góð jafnvel þó að það séu krefjandi verkefni fram undan. „Hlutirnir eru að þróast í rétta átt á mörgum sviðum. Spurningin er bara hvernig þú vilt halda áfram að láta hlutina þróast. Stefnumótun þarf að vera markviss. Við erum ekki komin heim, en þetta lítur allt vel út.“

Gurría bendir á að eitt af stóru verkefnunum fram undan sé aflétting fjármagnshafta. Eignir kröfuhafa séu miklar og ólíkar og verkefnið krefjist flókinna lausna. „Og ég held að þið hafið gripið til ýmissa ráðstafana, sem sumar hverjar voru teknar mjög nýlega, sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir að mikið fjármagn streymi úr landinu við afnám hafta. Ég held að með þeirri leið sem þið hafið farið í afnámi haftanna hafið þið reynt að tryggja stöðugleika eftir fremsta megni,“ segir Gurría.

Þá lýsir Gurría áhyggjum af því að framleiðni vinnuafls hafi minnkað og sé mun lægri hér en á Norðurlöndunum og í öðrum hlutum heims. Hér sé ekki fjárfest nógu mikið, menntun ekki nógu góð og sérhæfing ekki nógu mikil. Þess vegna sé fjallað um kjarasamningaferlið í skýrslunni. „Við höfum áhyggjur af því að verið sé að keyra fram úr hófi í kjarasamningum. Það skapar þrýsting á Seðlabankann til þess að herða peningamálastefnuna í því skyni að koma í veg fyrir verðbólgu,“ segir Gurría. Hann bendir á að þetta mál snúist fyrst og fremst um samkeppnishæfni Íslands. Ef kjarasamningaferlið leiðir sífellt til launahækkana, bæði í opinbera kerfinu og á almenna markaðnum, sem sé umfram framleiðniaukningu, þá skerðist samkeppnishæfni viðkomandi ríkis.

Gurría bendir á að þegar kjarasamningar eru lausir séu launakröfur eins og pýramídi. Einn vill 10 prósenta hækkun, þá vill sá næsti 11, sá sem kemur þar á eftir vill 12 prósenta kerfi og svo koll af kolli þar til krafan er komin upp í 50 prósent. Það sætti sig enginn við það að næsta stétt við hliðina fái meiri hækkun. „Og þarna situr þú eftir með verkföll og spennu,“ segir Gurría. Hagkerfið stöðvist og það sjáist merki um erfiðleika. Hann segir að það þurfi að styrkja sáttasemjarakerfið. Það kerfi þurfi að fá frekari úrræði og frekari völd til að taka ákvarðanir. Sáttasemjari eigi að geta komið með lausnir sem yrðu grundvöllur að niðurstöðu.

Gurría segir að viðskiptabann Rússa á Íslendinga muni vissulega hafa áhrif á sjávarútveginn. Spurður hvort Íslendingar þurfi að hafa áhyggjur af banninu, segir hann að Íslendingar hafi þegar sýnt að þeir hafi þær áhyggjur. „Þið hafið áhyggjur af því nú þegar og ég veit að útgerðarmenn eru ekkert sérstaklega ánægðir með utanríkisráðuneytið að hafa tekið þátt í viðskiptaþvingunum með Evrópusambandinu. En málið er það að þið eruð í nánum tengslum við Evrópu. Þið þurfið að taka pólitískar ákvarðanir,“ segir hann. Menn verði að meta kosti og galla og Gurría bendir á að mögulegt sé fyrir ríkissjóð að greiða þeim sem mestan skaða hafa af viðskiptabanninu bætur. „En þessar bætur þurfa að vera tímabundnar og þær þurfa að vera í réttu hlutfalli og það þarf að hætta greiðslu þeirra á réttum tíma,“ segir Gurría. Ef viðskiptabannið dregst á langinn þá þurfi fyrirtækin að vinna nýja markaði.

**„En málið er að þið eruð í nánum samskiptum við Evrópusambandið. Þið þurfið að taka pólitískar ákvarðanir.**

Gurría segir að ef ríkið fer í að greiða sjávarútvegsfyrirtækjum bætur verði að horfa á hvert fyrirtæki fyrir sig. „Þið þyrftuð að horfa á hve mikil viðskiptin eru í hverju tilviki við Rússa og í hve mörgum tilfellum Rússland er eini viðskiptavinurinn,“ segir Gurría og bætir því við að horfa verði til þess hvaða möguleika hvert fyrirtæki hafi til þess að fara inn á nýja markaði.

Hann leggur áherslu á að efnahagsmál séu ekki það eina sem stjórnmálaleiðtogar þurfa að hugsa um. „Það eru pólitísk mál, það eru öryggismál. Það eru utanríkismál. Þú ert að tala við mann sem var bæði utanríkisráðherra og fjármálaráðherra,“ segir Gurría við blaðamann og segist vel geta skilið þá togstreitu sem getur skapast. En ítrekar að hugsanlega þurfi að greiða þeim sem verða fyrir mestum skaða bætur.

### Aðstæður í Kína

Þegar Gurría er spurður út í ástandið í Kína, þar sem hlutabréf hafa hríðfallið, er svarið einfalt: „Þú getur ekki gert mikið í sambandi við Kína,“ segir hann. Íslendingar geti heldur ekki haft mikil áhrif á vexti Seðlabanka Bandaríkjanna og geti ekki gert neitt til að hafa áhrif á hagvöxt í Þýskalandi eða Frakklandi. „Hvað geturðu gert? Þú getur eflt þína eigin stefnumótun og með því að gera það þá ertu í góðri stöðu ef ytri aðstæður versna,“ segir hann. Íslendingar hafi staðið sig þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður.

Hann bendir á að þegar horft er á heiminn heilt yfir séu aðilar í efnahagslífinu varir um sig og það skorti almennt traust. „Lánshæfismatsfyrirtækin gerðu mistök fyrir kreppu og eru því varkár fram úr hófi. Bankarnir urðu gjaldþrota og þess vegna eru þeir varkárir fram úr hófi. Allir eru því svo ofurvarkárir og það getur leitt til vanda,“ segir Gurría. Þetta leiði meðal annars til þess að fjárfesting og viðskipti aukist ekki eins mikið og mögulegt væri. Það sé lítill hagvöxtur í heiminum, mikið atvinnuleysi, aukinn ójöfnuður. En sums staðar standi Ísland betur að vígi en önnur ríki. Hér sé hagvöxtur meiri, minna atvinnuleysi og jöfnuður með því mesta sem þekkist.

„Það sem ég er að segja hér er að þið hafið verk að vinna, en það gera allir,“ segir hann. Það skapi ákveðin færi fyrir Íslendinga að olíuverð er lágt og hrávöruverð er lágt. Verð á sjávarafurðum sé hátt, en álverð þó nokkuð lágt vegna þess að hrávöruverð er almennt lágt. „Þið fáið milljón ferðamenn á ári og það er alveg mögnuð þróun,“ segir Gurría. Vöxturinn í ferðamennsku hafi verið mjög mikill. Hann skipti ekki síst máli núna, ef störf í sjávarútvegi muni tapast vegna viðskiptabanns Rússa. „En vandinn við ferðamennsku er að þar eru ekki sérhæfð störf,“ segir Gurría. Störfin þar séu oft láglaunastörf sem krefjist ekki sérþekkingar. En Íslendingar njóti þess þó sannarlega hve mikill vöxtur er í ferðamennskunni.



GURRÍA SEGIR AÐ STAÐA ÍSLENDINGA SÉ GÓÐ EN HEFUR ÁHYGGJUR AF ÞVÍ AÐ LAUNASKRIÐ GETI ORÐIÐ OF MIKIÐ HÉR Á LANDI. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Bjóða ráðgjöf við þróun í fiskveiðistjórnun

Efnahags- og framfarastofnunin segir að Ísland sé með eitthvert besta sjávarútvegskerfi í heimi, þökk sé fiskveiðistjórnunarkerfinu sem sé markaðsdrifið. Verkefnið sem Ísland standi frammi fyrir sé að tryggja að auðurinn sem skapast af sjávarútvegi dreifist á sanngjarnan hátt og framtíðarvöxtur sé tryggður. Mikið sé rætt um það hér á landi hvernig dreifa eigi veiðiheimildum. Efnahags- og framfarastofnunin segist í 20 ár hafa talað fyrir kvótakerfinu sem Íslendingar tóku upp árið 1984, enda hafi það verið tekið upp til þess að koma í veg fyrir ofveiði og tryggja sjálfbærni. Hins vegar sé kerfið ekki gallalaust. Annars vegar sé stórt umhugsunarefni hvernig dreifa eigi veiðiheimildum, en það hafi verið gert á grundvelli veiðireynslu. Hins vegar sé hætta á samþjöppun í greininni. Íslendingar hafi glímt við þessi vandamál allt frá því að kerfið var tekið upp. Efnahags- og framfarastofnun segir að það sé of seint fyrir Íslendinga að bjóða upp kvótann. Betra sé að byggja inn í kvótakerfið kerfi sem tryggi að arðurinn af auðlindinni dreifist jafnar. Í skýrslunni segir að Ísland sé þátttakandi í fiskveiðinefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Býðst stofnunin til þess að veita Íslendingum ráðgjöf, meðal annars til að þróa auðlindaskatt frekar og aðgerðir til að hindra frekari samþjöppun í greininni.



ÁNGEL GURRÍA OG BJARNI BENEDIKTSSON Á BLAÐAMANNAFUNDI. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Bjarni vill læra af OECD

Á blaðamannafundi þar sem skýrsla OECD var kynnt sagðist Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra gleðjast yfir jákvæða tóninum í skýrslunni. Hann sagðist jafnframt ætla að taka tillögur og ábendingar í skýrslunni til sín, meðal annars það sem snýr að framleiðniaukningu á Íslandi. Bjarni sagði það einnig gott að OECD litist vel á aðgerðaáætlun um afnám hafta. „Við viljum læra af því sem hefur gerst en líka nýta okkur þekkingu OECD við að skoða hvaða aðferðir eru bestar til að bæta lífskjör í landinu, það tengir mörg svið, menntamál, jöfnuð, ríkisfjármál og vísindastarf.“



**BLIKKTROMMAN**

**Valdimar og Örn Eldjárn stíga fyrstir á svið í tónleikaröðinni Blikktrommunni sem haldin verður fyrsta miðvikudag hvers mánaðar í Hörpu í vetur.**

**Síða 2**








**ROSALEGUR** „Þetta er alvöru djúsí amerískur steikarborgari úr nautalundum," segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Texasborgurum. MYND/GVA


**2 FYRIR 1**

*af 12 BBQ-kjúklingavængjum með hvítlaukssósu. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og taktu hann með þér. Gildir til 1. okt. 2015. Texasborgarar.is s: 517-3130*


# EKTA AMERÍSKUR STEIKARBORGARI

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Steikarborgari úr nautalund, borinn fram með bernaise-sósu, laukhringjum og frönskum, á aðeins 1.990 kr.*

Þetta er alvöru djúsí amerískur steikarborgari úr nautalundum," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður um nýjasta réttinn sem Texasborgarar við Grandagarð bjóða upp á. En svona er borgarinn samsettur: Ristuð nautalund, 140g, sneidd í nýbakað hamborgarabrauð með Texas-sósu, Bostonsalati, rauðlauk og tómötum. Borinn fram með bernaise-sósu, djúpsteiktum laukhringjum og frönskum. Herlegheitin kosta aðeins 1.990 kr. og tilboð er á steikarborgaranum með köldum Bola sem hljóðar upp á 2.490 kr.

„Þessi réttur verður á boðstólum að minnsta kosti fram eftir hausti," segir Magnús Ingi. „Við erum sífellt að bjóða upp á eitthvað nýtt til hliðar við aðalmatseðilinn og fastagestirnir kunna að meta það. Annar tímabundinn réttur hjá okkur núna eru BBQ-kjúklingavængir með hvítlaukssósu, tólf stykki á 1.290 kr."



Magnús Ingi segir að klassíski Texasostborgarinn sé alltaf sá vinsælasti. „En á seðlinum hjá okkur er fjölmargt annað til að seðja svanga, eins og pítsur, fiskur og franskar, samlokur og nýr réttur hjá okkur er matarmikið salat með nachos, nautakjöti, beikoni og osti."

Á vef Texasborgara, texasborgarar.is, er að finna matseðilinn og ýmislegt fleira. Facebook-síðan er lífleg og alltaf einhver tilboð í gangi. Magnús Ingi skemmtir fólki þar reglulega með sínum óborganlegu myndböndum sem ótrúlegur fjöldi fylgist með og hefur skoðun á.







Magni Jeannie Bobby Guðmundur Jón Arnar

Kírópraktorarnir Bobby og Jeannie hafa hafið störf hjá Kírópraktorstofu Íslands.

Tímapantanir í síma 527 2277.

Hryggurinn þinn er grunnur að góðri heilsu. Láttu ekki verki og óþægindi koma í bakið á þér.

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

Sporthúsinu / Dalsmári 9-11 / 201 Kópavogur / www.kpi.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.


Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**









**ÖRN OG VALDIMAR** Fyrstu tónleikar Blikktrommunnar verða í Kaldalónssal Hörpu í kvöld klukkan 20. Þá stíga á svið gítarleikarinn Örn Eldjárn og söngvarinn Valdimar. MYND/ANTON

# SPILA ÖLL SÍN UPPÁHALDSLÖG

***NÝ TÓNLEIKARÖÐ** Blikktromman er ný tónleikaröð í Hörpu sem haldin verður fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Tónlistarmennirnir Valdimar og Örn Eldjárn stíga fyrstir á svið í kvöld og spila sín uppáhaldslög.*

Aðstandendur Blikktrommunnar eru tónlistarmennirnir Mugison, Borgar Magnason, Pétur Ben og Eva Einarsdóttir. Markmið þeirra með tónleikaröðinni er að bjóða upp á metnaðarfulla og huggulega tónleika með nokkrum fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar.

Tónleikarnir verða haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar í allan vetur en hugmyndin að baki Blikktrommunni er að færa gróskumikið tónlistarlíf borgarinnar í hina glæsilegu Hörpu.

Fyrstu tónleikar Blikktrommunnar verða í Kaldalónssal Hörpu í kvöld klukkan 20. Þá stígur á svið söngvarinn góðkunni Valdimar ásamt gítarleikaranum Erni Eldjárn.

„Við Örn ætlum að spila okkar uppáhaldslög sem hafa haft hvað mest áhrif á okkur í gegnum tíðina," segir Valdimar en upphafið að tónleikum þeirra tveggja má rekja til þess þegar Mugison bað Valdimar um að taka þátt í tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður síðastliðinn vetur. „Þar sem dagskráin átti að fara fram í kirkjunni spurði hann mig hvort ég ætti eitthvert lágstemmt prógramm sem ég gæti flutt. Þá talaði ég við Örn Eldjárn og saman slógum við til. Við ákváðum að spila uppáhaldslögin okkar, ég myndi syngja og hann yrði á barítóngítar með alls kyns effekta og speisí sánd," segir Valdimar. Þegar kom að því að velja lögin kom í ljós að þeir voru mikið til á sömu línunni. „Við áttuðum okkur á því að áhrifavaldar okkar eru margir hverjir þeir sömu, til dæmis Beck, Tom Waits, Bítlarnir og fleiri."

Á tónleikunum í kvöld munu þeir félagar spila sömu lögin og á Ísafirði í vetur en bæta þó um betur, enda tónleikarnir helmingi lengri. „Þetta verður á lágstemmdum nótum með draumkenndum hljóðheimi Arnar, en svo verður eitt og eitt stuðlag inn á milli."

Valdimari líst afar vel á Blikktrommuna. „Það er frábært framtak að gefa tónlistarmönnum tækifæri til að spila í þessum frábæra sal, Kaldalóni. Það er mikil nánd sem myndast í salnum og maður nær góðum tengslum við áheyrendur."

■ solveig@365.is

### BLIKK-TROMMAN

**2. september**
Valdimar ásamt Erni Eldjárn

**7. október**
Úlfur Eldjárn

**3. nóvember**
Sóley

**2. desember**
Sin Fang!

**Dagsetningar á næsta ári eru**
6. janúar, 3. febrúar, 2. mars, 6. apríl og 4. maí.

# STEFNT Á GRÆNNI FERÐALÖG

*Ekki þarf að gera stórar breytingar til að gera ferðalagið umhverfisvænna.*

Umhverfisvernd öðlast sífellt stærri sess í hugum fólks. Þetta á einnig við þegar kemur að ferðaiðnaðinum. Í fyrstu er aðeins meiri fyrirhöfn að ferðast á grænan máta en svo kemst það upp í vana og yfirleitt hefur það jákvæðari upplifun af ferðalaginu í för með sér. Hér eru nokkur ráð til að gera ferðalagið grænna.

Notið almenningssamgöngur, hjólið eða gangið. Þannig minnkum við áhrif okkar á umhverfið og um leið upplifum við menningu landsins á annan hátt og komumst í meiri tengsl við heimamenn.

**EKKI NOTA PLASTFLÖSKUR**
Hægt er að kaupa litlar, rafhlöðudrifnar vatnssíur sem gera kranavatn hæft til drykkjar. Vatnssíurnar komast auðveldlega fyrir í veski og einfaldlega er hægt að stinga þeim ofan í flösku eða glas til að hreinsa hvort sem er vatn, safa eða ísmola. Með slíkri síu minnkar notkun á einnota umbúðum og gerir fólk auk þess öruggara með að drekka fjölbreyttara úrval af drykkjum heimamanna.

**BORÐIÐ MAT ÚR HÉRAÐI**
Þannig er stutt við bændur staðarins, sannara bragð



fæst af matseld staðarins og kolefnisspor ferðalanganna minnkar. Þefið uppi veitingastaði sem auglýsa mat sem framleiddur er á staðnum. Ef það er ekki í boði má snæða á litlum, heimilislegum veitingastöðum sem líklegir eru til að nota það sem er framleitt í næsta nágrenni. Að minnsta kosti er hægt að sleppa því að leggja sér til munns dýr sem eru í útrýmingarhættu, eins og til dæmis skjaldbökur eða skelfisk sem er ofveiddur.

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Ford Kuga Titanium 9/2013 ek.12þús. Sjálfskiptur. Dráttarkúla(Aftakanleg) Motta í skotti. Hiti í framrúðu. Ásett verð 5.190.000.- Rnr.311428



Toyota Corolla S/D Terra Diesel 3/2014 ek.47þús. Beinskiptur. Eyðsla 4-5 L. TILBOÐSVERÐ 2.990.000.- Rnr.287487



Toyota Prius Hybrid 11/2005 ek.126þús. Sjálfskiptur. Eyðsla 5-6 L . TILBOÐSVERÐ 1.290.000.- Rnr.287568



VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Bílalíf



**SJÁLFSKIPTUR!!!**
VOLVO S40 Árgerð 2010, ekinn 83þ.km., sjálfskiptur. Verð 2.890þ. Rnr.126969. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**7 MANNA !**
Landrover Discovery LR3 SE (7 manna) árg 2006 ek 196 þ.km bensin, Leður, glerþak, krókur ofl topp þjónusta og viðhald, Verð nú 2.9 mil !!!



**DIESEL / GOTT VERÐ !**
BMW 530 Diesel 07/2004 ek 237 þ.km Leður, lúga , 18 álf góð dekk ofl Góð þjónusta, GOTT EINTAK ! Verð nú 2.3 mil !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

CLASSICBILAR.IS
Bílasala



VW Caddy TDI. Árg 2011, ek 64 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.780+ VSK Rnr.101023.

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**www.classicbilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ A 200 CDI. Árgerð 2014, ekinn 28 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.240691.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

CLASSICBILAR.IS
Bílasala



VOLVO S60 D2 Momentum . Árg 2015, ekinn 19 Þ.KM, dísel,ssk Verð 5.390. Kostar Nýr úr umboði með tilheyrandi aukabúnaði 6,9millj Rnr.101022. Mjög vel útbúinn, eyðir 4,5l/100 í blönduðum akstri.

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**www.classicbilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



Kia cee'd EX 1.6 disel. Árgerð 2014, ekinn 13 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.490.000. Rnr.991052. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



AUDI A4 avant. Árgerð 2013, ekinn 38 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991079.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

CLASSICBILAR.IS
Bílasala

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**www.classicbilar.is**


**Viðskipti með notaða bíla er vandmeðfarin.**
**Er bílasalan þín hjá Bílgreinasambandinu?**
**Við veitum vandaða og örugga þjónustu.**

DIESEL.IS
BÍLABORG Stórhöfði 26 við Gullinbrú Sími 517 1111
BÍLALIND BÍLASALA
PLANIÐ bílasala 5170000
567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is
bilfang.is S. 567 2000
100bilar.is bílasala
LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777
MB bílar
STÓRA BÍLASALAN
BÍLASALA ÍSLANDS
HÖFÐAHÖLLIN 567 4840
Arion banki
ergo
Lykill fjármögnun



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

HEIMSBÍLAR



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árg. 2011, ek. 80 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.7 manna Verð 7.290.000. Rnr.337264. bíllinn er á staðnum, lítur vel út.



NISSAN X-trail. Árgerð 2005, ek. 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. krókur, Verð 990.000. Rnr.323719. bíllin er á staðnum, möguleiki á visa/Euro raðgr. 100% lán.



**GULLFALLEGUR RANGE ROVER**
LAND ROVER Range rover sport. Árg 2006, ek. 140 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. ljós leður. Verð 4.490.000. Rnr.331732. bíllinn er á staðnum.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

# TOYOTA Gt86 sport.



**Árgerð 2014, ekinn 11 Þ.KM, bensín, 6 gírar.**

**Ásett verð 5.908þ. sértilboð 4.990.000. aðeins í 10 daga.**
**Rnr.210702.**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.991116.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

100 bílar.is bílasala



Kia Picanto - 5/2014 - ek 52 þús km - bensín - Beinsk - Ásett verð 1.590 þús - Er á staðnum - Raðnr 152016.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



VW Polo Comforline. Árg 6/2012, ek. 62 Þ.KM, bensín, sskj. Verð 2.090.000 Möguleiki á 75% fjármögnun. Uppl í s. 782-5555



Buick Special, 1940 árgerð til sölu. Tilboð óskast. Uppl. í s. 568 1981 eða 897 5360



Ford Focus Station árg. 2003. Ekinn 230 þús. TILBOÐ 290 þús. Skoðaður '16 Uppl. í síma 893-5517

## 250-499 þús.



**FLOTTUR - SPARIBAUKUR**
Opel Corsa - C 16v comfort árg. 01 ek. 168þús 5 dyra beinsk. sk.'16 Nýskoðaður og flottur bíll. Verð 430 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## 500-999 þús.



**YARIS - TILBOÐ 590 ÞÚS**
Toyota Yaris 1,3 vvti árg 2004 ek.182 þús,beinskiptur, 5 dyra, heilsarsdekk, sk.16 dráttarkrókur, fínn bíll, einhvað um hurðadældir, Tilboðsverð 590 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




## Lyftarar




## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**HREINVERK**
Teppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflytja. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**MÁLUN, PARKETLEGGJUN, FLÍSALEGGJUN**

**OG FLEIRA OG FLEIRA.**
Sími: 8935517 / 5658170




Smíðagengi getur bætt við sig verkefnum innan og utanhússklæðningar, tilboð eða tímavinna. Uppl. í síma 865 7026.

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**PÍANÓ TIL SÖLU**
Gamalt Hornung & Møller píanó til sölu. Óskemmt og virkar.Tilboð óskast. Sími: 6901915

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




Silikon titrari. Verð aðeins 7.990,-

Eros Erotic Store Lágmúla 7. www.eros.is

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**

**S. 690 3031 / 661 7000**

Hugguleg stúdíóíbúð í Þingholtunum til leigu, laus strax. Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á 101studio@outlook.com

# ÖFLUG SKÓLATÖLVA

ASUS



INTEL i5

ASU-F554LAX0736H

**99.995**

## ÓTRÚLEGT VERÐ FYRIR INTEL i5

Ekkert skiptir meira máli við val á fartölvu en örgjörvinn. Með öflugum örgjörva þarf minna að bíða eftir tölvunni í ræsingu, þegar hún opnar forrit eða margir gluggar eru opnir. Þessi kemur með 2.7GHz Turbo Intel core i5 örgjörva sem er mjög hraðvirkur og vinnur vel með Intel HD 4400 grafíkkjarna tölvunnar.

### EIN VINSÆLASTA SKÓLATÖLVAN Í ÁR!

INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | HD4400 GRAFÍKKJARNI | 15,6" SKJÁR




tl.is

TÖLVU LISTINN

**REYKJAVÍK** SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
**AKUREYRI** GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
**HÚSAVÍK** GARÐARSBRAUT 18A Sími 464 1600
**EGILSSTAÐIR** KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
**KEFLAVÍK** HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
**SELFOSS** AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
**AKRANES** ÞJÓÐBRAUT 1 SÍMI 431 3333


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 15-0919

Nú virka **debetkort** á netinu

Söluaðilar með **vefverslanir** geta núna tekið við greiðslum með **debetkortum** frá viðskiptavinum sínum í gegnum Greiðslusíðu eða Greiðslugátt Valitor.

ÞÚ SÉRÐ UM **SÖLUNA** – VIÐ SJÁUM UM **GREIÐSLUNA**

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is


# Hlakkar til að koma heim

***Kristján Guy Burgess tekur við starfi framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar í byrjun nóvembermánaðar. Hann var aðstoðarmaður utanríkisráðherra um árabil en fór svo til Kína og New York.***



KRISTJÁN GUY BURGESS HEFUR DVALIÐ Í NEW YORK AÐ UNDANFÖRNU MEÐ FJÖLSKYLDU SINNI ÞAR SEM HANN HEFUR UNNIÐ HJÁ ATLANTSHAFSBANDALAGINU.

Kristján Guy Burgess tekur þann 1. nóvember við starfi framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar. Á vef flokksins kemur fram að Kristján var valinn úr stórum hópi umsækjenda. Verkefnið verður að stýra daglegum rekstri flokksins og hafa yfirumsjón með málefnastarfi og stefnumótun.

Kristján hefur að undanförnu starfað fyrir Atlantshafsbandalagið sem fulltrúi þess gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York. Árin 2009-2013 var hann aðstoðarmaður utanríkisráðherra og frá 2005-2009 rak hann ráðgjafarfyrirtæki í alþjóðamálum. Áður vann hann við fjölmiðla í áratug og hefur komið að margs konar kosningastarfi allt frá því að hann starfaði að kosningabaráttu ungs fólks í fyrsta forsetaframboði Ólafs Ragnars Grímssonar.

Kristján segist telja að það séu mörg tækifæri fram undan í nýja starfinu. „Ég mæti virkilega bjartsýnn til leiks í því að hjálpa til við að koma góðum málum áfram, undirbúa málefnastarf og stefnumótun fyrir flokkinn,“ segir hann. „Samfylkingin er full af öflugu fólki og svo er mikill áhugi á pólitík úti um allt samfélag. Það er verkefni fyrir alla stjórnmálaflokka að hlusta á það sem fólki finnst og koma til móts við það og reyna að hafa áhrif til batnaðar á íslenskt þjóðfélag. Það er þessi tenging við fólkið sjálft sem stjórnmálaflokkarnir verða að rækta.“

Kristján segist spenntur fyrir því að flytja aftur til Íslands eftir dvölina í New York. „Já, ég hlakka mikið til. Maður er glaður að vera treyst fyrir svona skemmtilegu og áhugaverðu verkefni og það er bara gaman fyrir okkur sem erum búin að vera úti í næstum tvö ár, fyrst í Peking og svo New York, að koma heim og fyrir mig að takast á við þetta skemmtilega starf,“ segir hann.

Kristján er í sambúð með Rósu Björk Brynjólfsdóttur og eiga þau þrjú börn á aldrinum tveggja til ellefu ára. „Börnin eiga öll afmæli á þessum árstíma. Sú yngsta varð tveggja um miðjan ágúst, sá í miðjunni þriggja á sunnudaginn og sú elsta verður tólf 9. september,“ segir Kristján Guy. Það verður því nóg að gera við að halda upp á afmæli barnanna á næstunni.

## METNAÐARFULL KEPPNISMANNESKJA



Kristján er óhemjuráðagóður. Hefur þann hæfileika að geta skotið sér upp úr samtímanum og horft yfir samtímaflekana. Hann er mjög greindur og óhemju fróður um sögu og stjórnmál svo mér þótti nú reyndar stundum nóg um. Hann er gríðarlega fljótur að hugsa og hefur þann hæfileika sem ég tel einna mikilvægastan í því að stýra stjórnmálum og það er að sjá alltaf leiki í öllum stöðum, sama hversu dökkar og vonlausar þær eru. Síðan hefur hann það sem skiptir öllu máli, að hann er skemmtilegur sem manneskja og mjög hlýr og það verður jákvætt og skapandi andrúmsloft í kringum hann. Hann er af velskum stríðsherrum kominn langt aftur í ættir og getur verið hvass og harður ef að honum er vegið.

*Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra*



Kristján Guy er frábær vinur. Þegar hann er í essinu sínu er hann öllum mönnum skemmtilegri og fyndnari. En hann er líka gríðarlega metnaðarfullur og einbeittur, baráttuglaður og óhræddur við stórar áskoranir. Kristján er ráðagóður og hvetjandi félagi sem sökkvir sér ofan í verkefnin og setur markið hátt. Það getur verið galli á Kristjáni að honum hættir til að umgangast tímasetningar frjálslega, en það hefur reyndar lagast mikið síðustu árin. Svo finnst mér líka leiðinlegt hvað hann hefur verið duglegur að læra og starfa í útlöndum gegnum tíðina. Á móti kemur að það er alltaf auðvelt og skemmtilegt að taka upp þráðinn þegar hann og fjölskyldan snúa aftur.

*Örn Úlfar Sævarsson*

World Class seldi líkamsræktarkort fyrir 1,8 milljarða króna á síðasta ári en aðrar tekjur voru mun minni:

# Hálfur milljarður í hagnað



Í LAUGUM BJÖRN LEIFSSON Á TÆPLEGA FJÓRÐUNGSHLUT Í LAUGUM. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Laugar ehf., sem rekur líkamsræktarstöðvar World Class, hagnaðist um 533 milljónir króna árið 2014, sem er margfaldur hagnaður miðað við árið 2013 þegar hagnaðurinn nam 26,8 milljónum króna.

Hinn aukni hagnaður skýrist að stærstum hluta af því að Landsbankinn lækkaði erlent lán félagsins um 468 milljónir króna í kjölfar endurreiknings.

Í ársreikningnum kemur fram að hlutafé hafi verið keypt í tveimur félögum á árinu, helmingshlutur í veitingastað Joe and the Juice í Laugum og 4,42 prósenta hlutur í DV sem metinn var á 8,2 milljónir króna.

Stærstur hluti tekna Lauga var vegna sölu aðgangskorta og nam hún 1,77 milljörðum króna á síðasta ári en aðrar tekjur 20 milljónum króna. Rekstrargjöld Lauga námu 1,4 milljörðum og þar af var launakostnaður helmingur en 82 ársverk voru unnin hjá fyrirtækinu.

Eigið fé nemur 472 milljónum króna, skuldir 3,1 milljarði króna og eignir 3,6 milljörðum króna. Handbært fé félagsins hækkaði um 22 milljónir króna milli ára og nemur 31 milljón króna.

Eigendur Lauga eru Hafdís Jónsdóttir, sem á 48,8 prósenta hlut í Laugum, Björn Leifsson, sem á 24,4 prósenta hlut, og Sigurður Júlíus Leifsson, sem á 26,8 prósenta hlut. – ih



Make it matter.
intel inside
Kipptu kassanum með þér
HP MX-10 kassakerfislausnin
með Intel® Atom™ örgjörva Z2760
G8C31EA, F3K89AA
HP MX-10 kassakerfalausnin ásamt
HP strimlaprentara, strikamerkjaskanna
og peningakassa sem eru seldir aukalega.
Innbyggður strikamerkjaskanni
Innbyggður kortaskanni
Kynntu þér MX-10
kassakerfislausnina nánar
á www.ok.is/mx10/
Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Atom
og Intel Atom Inside eru vörumerki Intel Corporation í
Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.
OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið
Platinum Partner
OPIN KERFI | HÖFÐABAKKA 9 | 110 REYKJAVÍK | SÍMI 570 1000 | OK@OK.IS

Það auðgar íslenskt samfélag að taka við sýrlenskum flóttamönnum:

# Hið opna samfélag og óvinir þess

Það er beinn efnahagslegur ávinningur sem fylgir því að taka á móti fleiri flóttamönnum.

Sú röksemdafærsla heyrist oft að flóttamenn séu byrði á samfélaginu (e. refugee burden). Þessi málflutningur var áberandi eftir útgáfu ICARA-skýrslnanna (International Conference on Assistance to Refugees in Africa) árin 1981 og 1984. Hins vegar hafa fræðimenn í hagfræði bent á að kostirnir sem fylgja móttöku flóttamanna séu langtum fleiri og þyngri á metunum en tímabundin byrði sem þeir hafa í för með sér fyrir móttökusamfélagið. Hér má nefna nýja menntun, þekkingu og hæfileika og aukna neyslu á mat og byggingarefnum, sem örvar svo atvinnulífið og ýtir undir hagvöxt í fyllingu tímans.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Þótt Ísland bregðist við flóttamannavandanum eins og aðrar siðaðar þjóðir álfunnar þýðir það ekki að íslensk stjórnvöld eigi að opna landamærin upp á gátt.**

Nýleg rannsókn á efnahagslegum áhrifum Dadaab-flóttamannabúðanna í Kenía leiddi ljós að beinn fjárhagslegur ávinningur Kenía af flóttamannabúðunum nam 14 milljónum Bandaríkjadala árlega, sem var fjórðungur af heildartekjum héraðsins en 1.200 heimamenn njóta góðs af atvinnu í tengslum við búðirnar.

Ef við horfum landfræðilega nær okkur þá tekur ekkert annað ríki í Evrópu við fleiri flóttamönnum en Þýskaland. Sem sagt, öflugasta, ríkasta og þróaðasta (og næstfjölmennasta) ríki álfunnar tekur við flestum flóttamönnum.

Á þessu ári er búist við að 800 þúsund hælisumsóknir berist þýskum stjórnvöldum og í þýskum fjölmiðlum er greint frá því að þótt ekki liggi fyrir hversu margar umsóknir verði samþykktar muni þær hlaupa á hundruðum þúsunda. Svíþjóð, annað háþróað og leiðandi evrópskt ríki, tók við 30.000 flóttamönnum á síðasta ári. Ekkert annað ríki álfunnar tók við fleiri hælisleitendum á hverja 100 þúsund íbúa á árunum 2005-2012. Ef Ísland tæki við hlutfallslega jafn mörgum flóttamönnum og Svíþjóð myndu Íslendingar taka við 1.500 flóttamönnum á þessu ári en ekki 50.

Þótt Ísland bregðist við flóttamannavandanum eins og aðrar siðaðar þjóðir álfunnar þýðir það ekki að íslensk stjórnvöld eigi að opna landamærin upp á gátt. Íslensk stjórnvöld þurfa að vega og meta hagsmuni sína hverju sinni og löggjafinn þarf að meta hvaða stefnu sé rétt að taka með hliðsjón af stefnu annarra ríkja í málefnum innflytjenda. Ný útlendingalög eru ágætis byrjun en frumvarp þess efnis, sem er talsverð réttarbót, liggur fyrir þinginu.

Titill þessarar greinar er fenginn að láni frá Karli Popper sem gaf út samnefnda bók árið 1945. Umræðan um flóttamenn á Íslandi undirstrikar vel ágreining þeirra sem standa vörð um hið opna samfélag og svo óvini þess sem láta fáfræði og kynþáttahyggju vera leiðarstef í málflutningi sínum þegar málefni flóttamanna eru annars vegar. Upplýstir menn taka ákvarðanir á grundvelli röksemda, ekki fáfræði.

Fólkið sem nú flýr heimili sín í Sýrlandi er í flestum tilvikum fulltrúar millistéttarinnar þar í landi, vel menntað og harðduglegt fólk sem getur ekki búið í heimahögum vegna vargaldar.

Villimenn, óvinir siðmenningar og frelsis, hafa knúið þetta fólk til að flýja heimili sín. Í flestum tilvikum væri þetta fólk til þess að styrkja og auðga samfélag okkar. Sýnum í verki að við séum ekki eftirbátar annarra siðmenntaðra þjóða í álfunni og tökum á móti þessu fólki. Ekki bara til að hjálpa því, heldur til að auðga og styrkja okkar eigið samfélag.

# Umræða um tolla og landbúnað

Hörður Harðarson
svínabóndi



Nokkur umræða hefur farið fram að undanförnu á síðum Fréttablaðsins um íslenskan landbúnað. Í henni hefur spjótunum verið beint að tollum á innflutt svínakjöt og látið sem svo að fyrir þeim séu engin rök. Tollar á landbúnaðarafurðir eru einkum hugsaðir til þess að rétta samkeppnisstöðu innlends landbúnaðar gagnvart ósanngjarni samkeppni erlendis frá. Dæmi um þetta er að á Íslandi gerir ríkið ríkari kröfur til svínabænda varðandi velferð og aðbúnað dýra, takmörkun á lyfjanotkun og réttindi launafólks en í þeim löndum sem svínakjöt er flutt frá til Íslands. Þessar kröfur tryggja að aðstæður við íslenskan landbúnað eru með því besta sem gerist en leiða á móti til aukins kostnaðar, sem veikir samkeppnisstöðu íslenskra svínabænda. Til þess að rétta þessa samkeppnisstöðu eru lagðir tollar á innflutt kjöt.

Þegar farið er fram á að íslenska ríkið felli einhliða niður tolla á landbúnaðarvörur vakna áleitnar spurningar. Til dæmis hvort réttlætanlegt sé að íslenska ríkið heimili óheftan innflutning á landbúnaðarafurðum til landsins sem eru fjarri því að uppfylla þær kröfur sem það gerir á sama tíma til íslenskra landbúnaðarafurða? Ætti ríkið á móti að slaka á þeim kröfum sem það gerir til íslenskra bænda í þágu lægra verðs á kjöti? Eða eiga íslenskir bændur að treysta á að íslenskir neytendur verði reiðubúnir til þess að greiða hærra verð fyrir vöru sem uppfyllir allar kröfur þegar þeim stendur til boða ódýrari vara sem uppfyllir ekki sömu kröfur?

Íslenskur svínabúskapur hefur gengið í gegnum mikla hagræðingu á undanförnum áratugum sem leitt hefur til fækkunar og stækkunar búa, sem þó eru afar lítil á alþjóðlegan mælikvarða. Engu að síður eru enn til staðar fjölskyldubú sem eru staðsett víðs vegar um landið, en ljóst er að þau munu vart lifa af samkeppni við óheftan innflutning. Það er því tvíbent að kalla á sama tíma eftir því að tollar séu felldir niður og að svínabúin séu lítil og sæt fjölskyldubú.

Mikilvægt er að rennt sé styrkari stoðum undir þróun innlendrar búvöruframleiðslu og skal tekið undir framkomnar óskir um endurskoðun á styrkjakerfi landbúnaðarins. Þar þarf að leggja áherslu á verkefnatengdan stuðning samhliða því að dregið verði úr beingreiðslum til bænda. Markmið stuðnings við íslenskan landbúnað gætu þannig þróast á þeim forsendum að gera landbúnaðinn samkeppnishæfari, auk þess sem lögð yrði áhersla á stuðning sem gæti verið tímabundinn til ákveðinna verkefna. Mikilvægt er að stuðningur hafi þannig sveigjanleika að hann taki breytingum eftir því sem talið er æskilegt á hverjum tíma.

Að lokum er rétt að hafa það í huga að frá ársbyrjun 2013 hefur verð til okkar svínabænda lækkað verulega á sama tíma og það hefur hækkað út úr búð. Íslenskir neytendur hafa því miður ekki grætt á þessu, ekki frekar en þær fjölskyldur sem stunda svínabúskap á Íslandi. Það hafa hins vegar stór fyrirtæki í verslunarrekstri gert, en í nýlegri skýrslu Samkeppniseftirlitsins um dagvörumarkaðinn kemur fram að arðsemi þeirra er margföld á við það sem þekkist hjá sambærilegum fyrirtækjum beggja vegna Atlantshafsins.

# Sjónauki inn í framtíðina

Þórey Vilhjálmsdóttir
Magnús Orri Schram
ráðgjafar hjá Capacent



Veitingahúsið Ramona í Sao Paulo í Brasilíu vakti mikla athygli þegar það bauð gestum sínum misréttismatseðil (The Unfair Menu) fyrr á þessu ári. Allir réttir á matseðlinum voru 30 prósentum dýrari fyrir karlmenn og var markmiðið að endurspegla launamun kynjanna í Brasilíu. Þeir sem voru ósáttir við þessa mismunun fengu bækling með tölfræðiupplýsingum um launamun kynjanna.

Hvers vegna voru veitingamennirnir að gera þetta? Jú, þeir voru að höfða til síns neytendahóps. Það verður stöðugt mikilvægara að fyrirtæki skilji breytingar á viðhorfum eða væntingum neytenda þegar ytri aðstæður, t.d. ný tækni, leysa úr læðingi nýjar leiðir til að þjóna og höfða til grunnþarfa þeirra. Að fylgjast vel með straumum og stefnum (trends) sem snerta lífshætti og þarfir viðskiptavina á að vera hluti af stefnumótun og vöruþróun fyrirtækja.

**Vörumerkið er vinur**

Einn af mörgum meginstraumum á neytendamarkaði er krafan um að vörumerki séu með „mannlega eiginleika“. Neytendur sækja í vörumerki sem búa yfir sömu eiginleikum og þeir kunna að meta í fari fólks. Vörumerki eða fyrirtæki sem eru heiðarleg, sanngjörn og ástunda samfélagslega ábyrgð. Rétt eins og veitingastaðurinn í Sao Paulo. Þeir aðilar sem eingöngu virðast hugsa um að hámarka eigin hag falla í skuggann.

**Og réttir hjálparhönd**

Annar mikilvægur meginstraumur er þörf neytenda fyrir vörur og þjónustu sem einfalda daglegt líf, auka þægindi og gera hlutina auðveldari. Eftir því sem líf okkar verður flóknara eykst eftirspurn eftir þjónustu sem hjálpar okkur að komast í gegnum daginn.

Starbucks hefur til dæmis innleitt svokallaða tímagjafaþjónustu (Time saviour). Þar gefst viðskiptavinum kostur á því að panta kaffi, greiða fyrir fram með „appi“ og sækja síðan á ákveðnum tíma á næsta kaffihús. Gott dæmi um svipaða þjónustu á Íslandi er fyrirtækið Eldum rétt sem útvegar hráefni og uppskriftir að góðum heimilismat og viðskiptavinurinn þarf eingöngu að elda. Þjónusta sem í raun uppfyllir báða þá meginstrauma sem hér er minnst á; hefur mannlega eiginleika og einfaldar líf viðskiptavina.

**Neytendur sækja í vörumerki sem búa yfir sömu eiginleikum og þeir kunna að meta í fari fólks.**

**Meginstraumar innleiddir í stefnu**

Það er nauðsynlegt fyrir fyrirtæki í harðri samkeppni að fylgjast vel með meginstraumum og aðlaga þannig stefnu fyrirtækisins breytingum á neytendamarkaði. Hvaða meginstraumar eru mikilvægir? Hvaða áhrif hafa þeir á markaðinn sem starfað er á? Hvaða áhrif hafa þeir á viðskiptavini? Hverju þarf að breyta til þess að mæta þessari þörf?

Helsta markmiðið með slíkri vinnu er ekki að vera á undan keppinautunum heldur að sjá fyrir hvernig þarfir neytenda eru að breytast. Gæta þess þannig að vöru- og þjónustuframboð fyrirtækisins mæti óskum og væntingum viðskiptavina og gott betur. Þeir sem skynja og skilja straumana (trends) vita hvernig á að koma til móts við viðskiptavininn.

# Af tækninörðum og lúðum

**Hin hliðin**

Hulda Bjarnadóttir
framkvæmdastýra Félags kvenna í atvinnurekstri



Upplýsingatæknin er að breyta heiminum og þeir sem neita að læra á tækin og tölvurnar verða einfaldlega ekki færir í samskiptamáta atvinnulífsins til framtíðar. Það er því ekki bara nauðsynlegt fyrir einstaklinga að halda sér á tánum, heldur þurfa fyrirtæki að fylgjast náið með straumum og stefnum í atvinnulífinu. Og það skiptir máli að fá konur til að innritast í tölvunar- og tæknifræðigreinar því jafnrétti innan tæknigreinanna tryggir að þekking og reynsla beggja kynja njóti sín, til hagsældar fyrir samfélagið í heild.

**Vantar fyrirmyndirnar**

Ólína Helga Sverrisdóttir er 15 ára forritari sem lýsti því í viðtali um síðastliðna helgi að það vantaði fyrirmyndirnar er kemur að tæknistelpum. Tökum þessum ábendingum alvarlega. Hún lýsir því þannig að þegar hún hafi verið níu ára að byrja að læra forritun þá hefði henni fundist það mjög nördalegt og hún hefði ekki viljað auglýsa það neitt sérstaklega. Síðar hafði hún kjark til að segja frá og þá fannst strákunum þetta töff en stelpurnar vildu ræða dans. „En það er bara vegna þess að stelpur vantar fyrirmyndirnar,“ sagði hún og lýsti því hvernig hún tók málið í sínar hendur og stofnaði bloggsíðuna techolina.com. Þar hefur hún tekið viðtöl við hverja kvenfyrirmyndina í tækniheiminum á fætur annarri. Meðal annars tók hún viðtal við Megan Smith, yfirmann tæknimála Hvíta hússins, áður yfirmann tæknimála hjá Google. Það hefði nú þótt saga til næsta bæjar ef framhaldsskólanemi hefði náð viðtali við Warren Buffet, konung fjárfestinganna í hugum margra. Í raun er stórkostlegt hjá Ólínu að ná viðtali við þessa virtu konu og þakkarvert framtak að kynna fyrirmyndir sem Megan.

**Tækninerðir framtíðarinnar**

Það er gaman að velta því fyrir sér hverjir verða tæknistjórnur framtíðarinnar. Mögulega verður það Ólína eða aðrir íslenskir nerðir. Því tæknin er án landamæra að lokum og heimurinn þarf á tækni og hugviti okkar að halda. Nú viljum við í FKA styðja við verkefni sem dregur fram stelpur og stráka, vonarstjörnur tæknifyrirtækja. Að þessu sinni í gegnum átaksverkefnið Fast50 sem við vinnum með Deloitte, Samtökum iðnaðarins og Nýsköpunarmiðstöðinni. Ef þið vitið um tæknistelpu sem er að stíga sín fyrstu skref í fyrirtækjarekstri þá látið það berast. Sjáum til þess að tæknistelpan skapi sér sterka og jákvæða ímynd og þori að fara inn í tæknigreinar og verði stolt af því. Því tækni er töff. Og nerðir rokka. Í mínum huga er það tákn um metnað, gáfur og framsækna hugsun.







# EINSTAKT BMW TÆKIFÆRI.

## BJÓÐUM NOKKRA GLÆSILEGA BMW FÓLKSBÍLA Á EINSTÖKU VERÐI.

**BMW 118d sjálfskiptur.**
**BMW 218d sjálfskiptur.**
**BMW 318d og 320d sjálfskiptir.**
**BMW 520d xDrive og 525 xDrive sjálfskiptir.**

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM70600

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 128,39 | DKK 19,43 | NOK 15,36 | CHF 133,86 |
| GBP 197,09 | EUR 145,00 | SEK 15,21 | JPY 1,07 |

**FTSE 100**
6058,54 -189,4 (-3,03%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 13 MILLJARÐAR

### Mest verðmæti af þorskinum

Í maí nam verðmæti afla úr sjó nærri 13,4 milljörðum króna. Samkvæmt tölum Hagstofunnar er það 5,4% aukning frá síðasta ári. Verðmæti þorsks var mest, eða tæpir 4,8 milljarðar króna, og jókst um 2% miðað við maí í fyrra. Verðmæti ufsa jókst um 40% miðað við sama mánuð í fyrra, en aflaverðmæti botnfisks var í heild svipað milli ára.

**28.08.2015** „Þegar ég fer á erlenda alþjóðlega fundi, þá finnst mér mikilvægt að ég sé í gulum jakkafötum, að það sé einhver einn í salnum sem sé ekki í gráum jakkafötum. Bara einhverjir svona smáhlutir sem mér finnst skipta máli. Og þó svo að pólitík sé oft voðalega skrítinn vinnustaður þar sem allir eru í vinnu við að vera óvinir, þá eru málin sem eru undir mjög merkileg.“

***Óttarr Proppé, þingmaður** Bjartrar framtíðar*



## 1.260 MILLJÓNIR

### Hyggjast útrýma biðlistum

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra kynnti á fundi ríkisstjórnar í gær áætlun um átak til að stytta biðlista eftir tilteknum skurðaðgerðum. Ríkisstjórnin hefur falið heilbrigðisráðherra í samvinnu við fjármálaráðherra að gera tillögur um fjármögnun slíks verkefnis. Áætlaður kostnaður er um 1.260 milljónir króna. Biðlistar eftir aðgerðum lengdust umtalsvert meðan á verkföllum heilbrigðisstarfsfólks stóð síðastliðinn vetur.

## STJÓRNARMAÐURINN

## Kaupþing selur eign!

Kaupþing seldi nú á dögunum hlut sinn í tapasveitingahúsakeðjunni La Tasca á ríflega 5 milljarða króna.

**Í TILKYNNINGU** frá Kaupþingi var tekið fram að mikill viðsnúningur hefði orðið á rekstri La Tasca. EBITDA síðasta rekstrarárs hefði verið 90% meiri en árið áður og að sú ákvörðun Kaupþings að fjárfesta frekar í félaginu hefði reynst hin skynsamlegasta.

**ALLT GOTT OG VEL**, og stjórnarmaðurinn myndi óska Kaupþingsmönnum til hamingju, ef þeir væru ekki búnir að því sjálfir í tilkynningunni sem var svo full af sjálfshóli.

**Á ÞEIM SJÖ ÁRUM** sem liðin eru frá hruni hafa Kaupþingsmenn staðið í rekstri barnaheimila, rekið bari og veitingahús og reynt fyrir sér í tískugeiranum. Salan á La Tasca markar þó nokkur tímamót í rekstri á eignasafni Kaupþings en bankinn hafði ekki selt eign sem neinu nemur síðan árið 2011 að hann losaði sig við eignarhlut sinn í tískuvörukeðjunni All Saints.

**LJÓST ER AÐ** nokkur bið verður á því að Kaupþing selji þær eignir sem eftir eru ef alltaf á að bíða eftir viðsnúningi í rekstrinum.

**ÞANNIG MÁ** velta því fyrir sér hvort ekki sé fullreynt með hæfileika Kaupþingsfólks til að reka tískukeðjur á borð við Karen Millen, Warehouse og Coast?

**VERÐBÓLGUBOLTINN BLÆS ÚT**

**ÞEGAR ÞESSI ORÐ** eru rituð situr stjórnarmaðurinn á kaffihúsi með annað augað á símanum. Ástæðan er ekki sú að stjórnarmaðurinn eigi von á mikilvægu símtali, heldur bíður hann tíðinda úr heimi fótboltans þar sem síðasti dagur félagaskiptagluggans stendur yfir.

**KNATTSPYRNA** er sennilega sturlaðasta form viðskipta sem fyrirfinnst á byggðu bóli. Hvar annars staðar þætti það annars eðlilegt viðmið að eyða áttatíu prósentum tekna fyrirtækis í laun starfsmanna (leikmanna)?

**ENSKA ÚRVALSDEILDIN** er í sérflokki hvað eyðsluna varðar, enda sitja félögin í deildinni á 5,3 milljarða punda sjónvarpssamningi sem tilkynntur var í byrjun árs.

**ÓHÆTT ER AÐ SEGJA** að þessi innspýting hafi haft verðbólgu í för með sér. Manchester United var rétt í þessu að kaupa ungling sem fáir hafa heyrt um á 36 milljónir punda! Grannar þeirra í City gefa þeim svo lítið eftir, og hafa splæst í tvo nýja vængmenn á samanlagðar 100 milljónir punda (20 milljarða króna).

**MEIRA AÐ SEGJA** hinn sparsami Mike Ashley í Newcastle virðist hafa tekið sóttina, og hefur keypt leikmenn fyrir réttar 50 milljónir punda.

**ÞÁ ER NÚ FOKIÐ** í flest skjól.

@stjornarmadur




FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
2. SEPTEMBER 2015 MIÐVIKUDAGUR



## 80 ára afmæli

**Lillý Jóna Sigurðardóttir Horner**
frá Eyrarlandi á Akureyri.

Elskulegu ættingjar og vinir. Hjartans þakkir öllum þeim sem glöddu mig í tilefni af 80 ára afmæli mínu.
Guð blessi ykkur öll.

---

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Adeline Dagmar Andersen**

andaðist á Vífilsstöðum 12. ágúst.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu.

**Katrín Valgeirsdóttir**
**Bragi Valgeirsson** **Ana Maria Castro**
**Ágúst Valgeirsson** **Guðrún Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Árnína Guðjónsdóttir**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 28. ágúst.
Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Víðihlíð fyrir góða umönnun.

**Þorbjörg Guðmundsdóttir**
**Hallur Guðmundsson**
**Jóna Margrét Guðmundsdóttir**
**Guðrún Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, amma
og sambýliskona,

**Jónína Helga Jónsdóttir**
til heimilis að Strikinu 4, Garðabæ,

lést á heimili sínu föstudaginn 28. ágúst síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju 8. september klukkan 11.00.

**Jón Þór Ólafsson**
**Þórey Ólafsdóttir**
**Örvar Ólafsson**
**Anita Ólafsdóttir**
**Sigmundur Franz Kristjánsson**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir, afi, og langafi,

**Jón Valdimar Jónsson**
Stórholti 9, Akureyri,

lést laugardaginn 15. ágúst.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
4. september kl. 13.30.

**Kolbrún Árnadóttir**
**Ragnheiður Þóra Valdimarsdóttir**
**Elsa Valdimarsdóttir** **Hreinn Gunnlaugsson**
**Árni Valdimarsson** **Björg Eiríksdóttir**
**Jón K. Valdimarsson** **Elísabet J. Sigurðardóttir**
**börn og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Páll Magnússon**
vélfræðingur,

lést sunnudaginn 30. ágúst.

**Jóhanna Rögnvaldsdóttir**
**Magni Þór Pálsson** **Elísabet Arna Helgadóttir**
**Ingvi Már Pálsson** **Sigríður Kristín Birnudóttir**
**og barnabörn.**

---



**Thuy Thi Pham hefur nóg að gera og kennir tímaleysi um að ekki séu allsherjar veisluhöld í dag en það muni bætt upp síðar.** Fréttablaðið/Stefán

# Fagna rækilega á næsta ári

## Áttatíu ár eru frá því að Alþýðulýðveldið Víetnam lýsti yfir sjálfstæði frá Frökkum.

„Við ætlum að fagna þessum tímamótum á næsta ári, nú erum við bara of upptekin við að undirbúa barnahátíð í lok mánaðarins, en við munum sannarlega fagna þegar að því kemur,“ segir Thuy Thi Pham, talskona Félags Víetnama á Íslandi, en í dag eru áttatíu ár síðan alþýðulýðveldið Víetnam lýsti yfir sjálfstæði. Félagið hefur verið starfrækt á Íslandi í rúmt ár og er nóg að gera. „Nú eru um sex hundruð Víetnamar á Íslandi, og þegar hafa tvö hundruð skráð sig í félagið okkar, en aðeins er hægt að skrá sig þegar átján ára aldri er náð,“ útskýrir Thuy Thi Pham, og bendir á að félagið hafi mörg járn í eldinum, enda eftirspurnin mikil. Flestir þeirra Víetnama sem hér búa komu sem flóttamenn til landsins og í framhaldi komu ættingjar og námsmenn, sem beri að aðstoða við að taka þátt í þjóðfélaginu. „Það skiptir svo miklu máli fyrir okkur að hittast og vera saman, við stöndum fyrir námskeiðum til að hjálpa fólki að aðlagast íslensku samfélagi, svo öllum geti liðið vel saman.“ **– ga**

> **Nú eru um sex hundruð Víetnamar á Íslandi, og þegar hafa tvö hundruð skráð sig í félagið okkar.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ingólfs Konráðssonar**
Suðurlandsbraut 58,
áður Njörvasundi 31, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjartadeild Landspítalans Hringbraut fyrir frábæra umönnun og einstaka nærgætni og hlýhug.

**Ragnheiður Halldórsdóttir**
**Helga María Arnarsdóttir** **Þorsteinn Helgason**
**Andrés Reynir Ingólfsson** **Guðlaug Helga Konráðsdóttir**
**Halldór Ingólfsson** **Elísabet Þ.Á.M. Pétursdóttir**
**Ásberg Konráð Ingólfsson** **Þórhildur Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ingibjörg Guðfinnsdóttir**
Skólastíg 8,
Bolungarvík,

lést 26. ágúst á Hrafnistu í Reykjavík.
Útförin fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík
laugardaginn 5. september kl. 14.00.

**Þorsteinn Einarsson** **Hildur Magnúsdóttir**
**Guðfinnur Björn Einarsson** **Heidi Hansen**
**Gísli Friðrik Einarsson** **Lára Kristín Gísladóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sæmundur Óskarsson**
prófessor og rafmagnsverkfræðingur,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 22. ágúst sl. Útför hans fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 4. september kl. 13.00.

**Óskar Sæmundsson** **Arnheiður E. Sigurðardóttir**
**Stefán Sæmundsson**
**Örn Sæmundsson** **Valery Belinda Sæmundsson**
**Steinunn Sæmundsdóttir** **Hans Óskar Isebarn**
**Ása H. Sæmundsdóttir** **Guðmundur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, dóttir og systir,

**Jóhanna Gestsdóttir**
kennari,

lést í faðmi fjölskyldunnar
á krabbameinsdeild Landspítalans
29. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram
frá Háteigskirkju föstudaginn 4. september kl. 11.00.

**Gestur Baldursson**
**Embla Kristjánsdóttir**
**Hrefna Kristjánsdóttir**
**Askur Kristjánsson**
**Gríma Kristjánsdóttir**
**Gestur Friðjónsson** **Nanna Jóhannsdóttir**
**Elín Sigurbjörg Gestsdóttir**
**Ingibjörg Gestsdóttir**
**Jóhann Gestsson**
**tengdasynir og barnabörn.**


Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA HOLLT
Hollráð Lambakjöts að betra sambandi
Nr. 91
EKKI GLEYMA GLEÐINNI
Grilluð lambakóróna með parmesanosti
- fleiri girnilegir grillréttir og hollráð á lambakjot.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR




Áfram sama hæglætisveðrið í dag. Skýjað með köflum eða bjartviðri víða um land, en suðvestan 3-8 vestan til á landinu, skýjað og sums staðar dálítil súld. Áfram hlýjast á Austurlandi.




## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. gjóta,
6. holskrúfa,
8. ílát,
9. upphrópun,
11. tveir,
12. máttur,
14. guð,
16. tveir eins,
17. kvk nafn,
18. drulla,
20. tveir eins,
21. krukka.

**LÓÐRÉTT**
1. íþróttafélag,
3. í röð,
4. ósamlyndi,
5. örn,
7. frjáls,
10. siða,
13. svelg,
15. réttur,
16. verkur,
19. ullarflóki.



**LÁRÉTT:** **2**. gjóa, **6**. ró, **8**. ker, **9**. aha, **11**. ii, **12**. megin, **14**. faðir, **16**. tt, **17**. una, **18**. aur, **20**. gg, **21**. krús.
**LÓÐRÉTT:** **1**. fram, **3.** jk, **4.** óeining, **5.** ari, **7.** óheftur, **10.** aga, **13.** iðu, **15**. ragú, **16**. tak, **19**. rú.

### Skák Gunnar Björnsson



Torfi Leósson (2.171) átti leik gegn Heimi Ásgeirssyni (2.189) á Íslandsmóti skákfélaga. Heimir hrókeraði í síðasta leik.

**Hvítur á leik**
**11. Rg5!** Með tvöfaldri hótun. 12. Bxf6 Dxf6 13. Dxh7# og 12. Bxb7. Svartur getur ekki varist báðum hótunum og tapar manni bótalaust. Hann gafst því upp.
**www.skak.is** Huginn vann TR í hörkuslag.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 2 | 9 | | | | 7 | 5 |
| 6 | | | | 7 | 5 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | 6 | | | |
| | | | | 9 | | | | 6 |
| 9 | 3 | 6 | | | | 2 | | |
| | 8 | 1 | 5 | | | 3 | | |
| | 5 | | | 2 | 9 | | | 7 |
| 8 | | | 6 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 1 | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | | 7 | | | | 2 |
| | | | 5 | | 2 | 6 | | 8 |
| | 4 | 5 | | | 1 | | | 3 |
| | | | | 6 | | | 8 | |
| | | | | 1 | 5 | | | |
| | | 7 | 2 | 9 | | | 3 | |
| | | | 9 | | 7 | | | |
| | | 4 | 3 | 5 | | 2 | 7 | |
| | 8 | | | 2 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | | | | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | 8 | | 3 | | | | 4 | |
| | 4 | 8 | 7 | | | | 6 | 3 |
| | | | 2 | | | | | 1 |
| | | | | | 6 | | 8 | |
| 2 | | 3 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | 7 | | | | 2 |
| | 1 | | 9 | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 8 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 3 | 2 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 8 | 1 | 7 | 5 | 2 | 6 | 4 |
| 1 | 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 8 | 3 | 5 | 1 | 2 | 9 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 9 | 3 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 1 | 5 | 6 | 4 |
| 1 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 | 3 |
| 2 | 4 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 |
| 8 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 4 | 5 | 8 |
| 9 | 5 | 2 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 5 |

## Myndasögur

### PONDUS




### GELGJAN




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer 800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ



Hljómsveitin sem lagði okkur lið
Philharmonia Orchestra
Við þökkum fyrir okkur
Í ár eru liðin 30 ár frá því Philharmonia Orchestra hélt tónleika í Royal Festival Hall í London til þess að safna fyrir tónlistarhúsi Íslendinga. Söfnunin átti verulegan þátt í því að af byggingu Hörpu varð og því er mikið fagnaðarefni að bjóða hljómsveitinni heim í Eldborgarsal Hörpu á fimmta starfsári hússins.
HARPA
Sala hefst í dag kl. 12:00
18. og 19. október
kl. 19:30 í Eldborg
Stjórnandi
Jakub Hrůša
Píanóleikari
Danil Trifonov
Verk eftir
Rachmaninov,
Dvořák & Smetana
Miðasala í síma 528 5050, á harpa.is
www.harpa.is/philharmonia
ICELANDAIR
Arion banki
CENTER HOTELS
LEXUS



„Landslagið síast inn hjá mér á ferðalögunum og ég vinn út frá þeirri reynslu,“ segir Arngunnur Ýr. Fréttablaðið/Stefán

## Töfrar náttúrunnar birtast í texta, tónum og myndum

**Harpan er ekki bara musteri tónlistar heldur líka myndlistar því Arngunnur Ýr hefur yfirtekið hluta jarðhæðarinnar.**

Myndlistarkonan Arngunnur Ýr Gylfadóttir hefur opnað sýningu í Hörpu og á morgun lítur bókin Vitni/Witness dagsins ljós, hún er með myndum Arngunnar Ýrar og textum eftir skáldið Elísabetu Jökulsdóttur.

„Ég hef oft hrifist af því hvernig Elísabet lýsir náttúrunni sem ægilegri og hrífandi í senn svo ég hringdi í hana og spurði hvort hún væri ekki til í einhvers konar samvinnu, því mig langaði að gefa út bók,“ lýsir listakonan. Hún segir Elísabetu hafa verið í Hveragerði en tekið vel í erindið og að allir textarnir í bókinni séu nýir. Þær fari hvor sína leið í sköpuninni og svo sé það lesandans að finna út hvernig tengingin er. „Báðar höfum við Elísabet áhuga á ákveðnum töfrum og því sem virðist óskiljanlegt við fyrstu sýn, enda er texti í bókinni sem heitir Krípí náttúra.“





**ÉG HEF OFT HRIFIST AF ÞVÍ HVERNIG ELÍSABET LÝSIR NÁTTÚRUNNI SEM ÆGILEGRI OG HRÍFANDI Í SENN SVO ÉG HRINGDI Í HANA OG SPURÐI HVORT HÚN VÆRI EKKI TIL Í EINHVERS KONAR SAMVINNU.**

Arngunnur Ýr starfar við leiðsögn og hefur gert í tuttugu og fimm ár. „Landslagið síast inn hjá mér í ferðalögunum og ég vinn út frá þeirri reynslu,“ segir hún. Arngunnur tekur líka fram að sýningin standi til 16. september og að útgáfuteiti verði í Hörpu klukkan 17 á morgun, 3. september. Þar spili félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og allir séu velkomnir. **gun@frettabladid.is**







## Frami og fáránleiki

LEIKLIST
**Takataka**
LÓKAL/Reykjavík Dance Festival
Smiðjan – Listaháskóli Íslands
★★★★★

**Handrit/Leikstjórn/Tónlist:** Björn Leó Brynjarsson
**Leikur:** Kolbeinn Arnbjörnsson
**Dramatúrg:** Pétur Ármannsson
**Videó/Grafík/SFX:** Daníel Þorsteinsson
**Aðstoð við hreyfingar:** Brogan Davison

Ónefndur myndlistarmaður er reiður, eiginlega algjörlega brjálaður. Hann situr á nærbuxunum einum fata, fyrir utan forláta íþróttaskó, og gerir sig tilbúinn fyrir opnun nýrrar myndlistarsýningar eftir Ásgrím. Sá er aldrei nefndur fullu nafni heldur en allar líkur eru á að hér sé um að ræða hinn umdeilda Ásgrím Ásgrímsson. Söguhetjan hatar smeðjuna og grunnhyggnina sem fylgir listaheimi samtímans á Íslandi en þráir samt sem áður glæsta framtíð á sama vettvangi, jafnvel heimsfrægð.

Hér er um að ræða nýtt leikverk eftir Björn Leó Brynjarsson sem einnig sér um tónlistina og leikstýrir sýningunni. Ný leikrit eru ætíð fagnaðarefni og spennandi verður að sjá hvað Björn Leó gerir næst. Hann hefur gott eyra fyrir hnyttnum texta og tekst hér á við ímynd karlmennskunnar, væntingar annarra og hræsni nútímasamfélagsins.

Kolbeinn Arnbjörnsson leikur vansæla listamanninn af kostgæfni. Hann spígsporar um sviðið fullur sjálfstrausts en hikar ekki við að sýna vanmátt þessa einmana manns. Listamaðurinn er sjálfumglaður og hugsar vel um heilsuna en virðist alltaf rekast á sálræna veggi í sinni tilvist. Kolbeinn keyrir í textann af fullum krafti en finnur blæbrigði á óvæntustu stöðum.

Leikstjórn Björns Leós og sviðshreyfingar Brogan Davison styðja virkilega vel við textann. Þannig lyfta þau textanum á hærra plan, undirstrika absúrdismann sem einkennir líf listamannsins og brjóta einleikjaformið upp á frumlegan hátt. Einnig er eftirtektarvert að Björn Leó hikar ekki við að leyfa sviðinu að standa tómu á vissum tímapunktum í sýningunni þannig að textinn fær fulla athygli áhorfenda.

Daníel Þorsteinsson sér um sviðsmyndina en hún er virkilega eftirminnileg, nýstárleg og spennandi. Hann notast við tölvuteiknaðan bakgrunn sem færir einfalda sviðsmyndina inn í nýjar víddir og endurspeglar aftengingu listamannsins við samfélagið á áhrifaríkan hátt.

Aftur á móti er sýningin ekki gallalaus, þrátt fyrir virkilega skýra fagurfræði nær sú vinna ekki að rétta sýninguna alveg af. Þegar mörkin á milli fantasíu og veruleika verða of óskýr minnka hin raunverulegu áhrif sýningarinnar, það er aldrei nógu mikið að veði, listamaðurinn tapar aldrei neinu nema kannski sjálfsvirðingunni. Ádeilan verður af þessum sökum bitlaus og örlítið sjálfhverf. Ástandið nær aldrei lengra heldur en ofbeldisfullir draumórar, bilaeltingaleikur um meginland Evrópu og haugar af eiturlyfjum. Af þessum sökum verður sýningin frekar eintóna þar sem erfitt er að finna til samúðar með eða hafa áhuga á aðalpersónunni.

Einnig skortir konurnar í verkinu atbeina; þær eru annaðhvort mæður sem oftar en ekki eru að skipta sér af, kynferðisleg tákn eða líkamar sem auðvelt er að nema á brott. Aftengdar raddir sem kvarta eða spyrja listamanninn spurninga sem hann er ekki tilbúinn til að svara og þykir þær pirrandi. Vigdís, konan sem listamaðurinn hefur augastað á og gæti verið fyrrverandi kærasta, fær ekki rödd fyrr en langt er liðið á verkið og þá í frekar takmörkuðu formi. Auðvitað er aðalsöguhetjan miðpunktur verksins en karllæga sjónarhornið verður þreytandi til lengdar.

Frami er sýning eftir spennandi leikskáld, í einkar góðri leikstjórn, en vandamálið liggur í kjarna verksins. Ónefndi listamaðurinn mótmælir hástöfum óréttlæti heimsins og grunnhyggni nútímalistar en verkið kafar aldrei nægilega djúpt í málefnið.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áhugavert fyrsta leikverk eftir spennandi höfund en skortir dýpt og víðara sjónarhorn.



# JUSSI ÁFRAM Á TOPPNUM!




**1.**

**Metsölulisti Eymundsson**

Aðallisti - vika 35



Jussi Adler-Olsen er óumdeildur konungur danskra glæpasagnahöfunda




*****

*„Jussi Adler-Olsen er í toppformi.“*

JYLLANDS-POSTEN

*****

*„... rosalega góð.“*

EKSTRA BLADET

*****

BT

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 6:30 - 8 - 9 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:45 |
| ANT-MAN 2D | KL. 8 - 10:30 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | KL. 10:20 |
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 10:10 |
| VACATION | KL. 8 |

SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| VACATION | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 8 - 10:20 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 6 - 9 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 8 |
| THE GIFT | KL. 10:10 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | 7, 10:10 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6, 8, 10 |
| THE GIFT | 10 |
| MINIONS - ENS TAL 2D | 6 |




# Hvað er ást?

LEIKLIST

## Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð?

LÓKAL og Reykjavík Dance Festival
Áhugaleikhús atvinnumanna

**Borgarleikhúsið – Litla sviðið**
**Höfundar og leikarar:** Áhugaleikhús atvinnumanna
★★★★☆

Áhugaleikhús atvinnumanna hefur verið starfandi síðan 2005 en á þessum tíu ára starfsferli hafa þau sýnt fjögur sviðsverk undir nafninu „Ódauðlegt verk um…“, Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð? er hið fimmta.

Sýningin byrjar áður en gengið er inn í salinn þar sem áhorfendur eru kynntir fyrir litlum og gríðarlega einlægum hjálparhellum hópsins. Þær hafa í fórum sínum spurningalista sem er óneitanlega í þyngri kantinum. Þess er ekki krafist að spurningunum sé svarað upphátt á staðnum heldur fá þær að fljóta um í hugarfylgsnum áhorfenda meðan á sýningunni stendur. Þær eru á þessa leið: „Hefur þú verið ástfangin?“ „Hvað er ástleysi?“ „Hefur þú upplifað hjartasorg?“

Ókeypis er inn á allar sýningar hópsins og hefur verið frá stofnun. Slík afstaða gerir áhorfendur líklegri til að taka áhættu og mæta á tilraunaleiksýningu en verður líka til þess að þverskurðurinn af áhorfendahópnum er fjölbreyttari heldur en gengur og gerist. Hópurinn blandar saman gjörðum áhorfenda og hópsins en sýningin verður þannig sameiginleg eign allra í salnum, einhvers konar útgáfa af helgileik. Beinni þátttöku gesta er haldið í lágmarki en er leikandi vel samansett þannig að útkoman er áhrifamikil meðan á sýningu stendur, jafnvel lengi eftir að henni lýkur.

Öll umgjörð er hin einfaldasta; svört baktjöld, einn hljóðnemi, nótnastandur og sviðslýsingunni haldið í lágmarki. Leikararnir klæðast einnig sínum eigin fötum og finnast oftar en ekki úti í sal á meðal þeirra sem þar sitja. Nándin sem þau skapa á Litla sviði Borgarleikhússins með þessum lágstemmdu aðferðum er virkilega áhrifarík.

Lítið er um svör við stóru spurningum lífsins en það er ekki tilgangur verksins heldur frekar að biðja áhorfendur um að finna svörin innra með sér. Þau berjast ekki við að finna þau sjálf eða einblína stöðugt á sitt eigið sálarlíf heldur opna þau fyrir sjálfsskoðun hjá öðrum.

Taktur framvindunnar er flæðandi og afslappaður en samt sem áður má finna undirliggjandi spennu þar sem hópurinn sjálfur spinnur ákveðnar senur með því að spyrja hvert annað óvæntra spurninga. Sýningin daðrar stundum við væmnina en nær oftast að draga í land áður en tilfinningavellan fer yfir þolmörk.

Áhugaleikhús atvinnumanna á mikið hrós skilið fyrir að varpa fram þessum stærstu vangaveltum mannverunnar en spurningar um guðlegt yfirbragð ástarinnar ganga aðeins of langt. Þrátt fyrir fallegar tengingar á milli hugtakanna eru þær yfirborðskenndar og ættu betur heima í annarri sýningu.

Þrátt fyrir nokkra hugmyndafræðilega galla er Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð? krefjandi og eftirminnilegt sviðsverk. Vonandi verður þetta ekki síðasta verk hópsins í þessari seríu því þau eiga svo sannarlega mikið inni.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Töfrandi tilraunaleikhús sem hikar ekki við að varpa fram stórum spurningum.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

## Afþreying

**Hvað?** Myndir og minningar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhúsið Gerðuberg
Í kvöld verða búnar til Skrappsíður í Menningarhúsinu Gerðubergi, en þá kennir Anna Sigríður Eyjólfsdóttir áhugasömum að útbúa sínar eigin minningasíður og leyfir þátttakendum að skoða albúmin sín. Það eina sem þátttakendur þurfa að hafa meðferðis eru ljósmyndir ef þeir vilja, lím og skæri. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

## Námskeið

**Hvað?** Hreint mataræði – Hreinsun
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni 11
Námskeiðið verður haldið í kvöld frá klukkan 18.00-20.00 og er byggt á metsölubókinni Hreint mataræði eftir hjartalækninn Alejandro Junger. Á námskeiðinu verður fólki til að mynda kennt hvernig hægt er að virkja afeitrunarkerfi líkamans til fulls og líkamanum þannig gefið færi á endurnýja sig. Frekari upplýsingar á glo.is.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Stríðið um barnshugann
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Stofa HT104 Háskólatorgi
Heimspekingurinn Stephen Law mun flytja erindi á vegum Siðmenntar í dag. Erindið ber heitið „Stríðið um barnshugann“ (The war for children's minds) og er það byggt á samnefndri bók Stephens Law. Allir sem hafa áhuga eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

## Uppistand

**Hvað?** Hí á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Uppistand á Húrra í kvöld þar sem sex grínistar koma saman og skemmta gestum. Koma þau Andri Ívars, Bylgja Babýlóns, Hugleikur Dagsson, Ragnar Hansson, Snjólaug Lúðvíks og Þórdís Nadia fram. Aðgangseyrir 1.000 krónur.



Bylgja og Snjólaug munu dæla út gríni á Húrra í kvöld svo von er á ansi góðu.

## Tónleikar

**Hvað?** Autonomous heldur tónleika
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8
Hljómsveitin Autonomous heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Blonde Redhead og Skúli Sverrisson Sería
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíó
Indie-rokkararnir í Blonde Redhead munu láta til sín taka í kvöld, þegar bandið stígur á svið í Gamla bíói. Hljómsveitina skipa Kazu Makino, Amedeo Pace og Simone Pace, sem hafa starfað saman síðan árið 1993. Þau þykja standast tímans tönn, tuttugu og tveimur árum síðar, og hafa haft í nægu að snúast í tónleikahaldi um allan heim. Aðgangseyrir 5.000 krónur.

**Hvað?** „Lög unga fólksins“
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Andrews leikhús – Reykjanesbæ
Með blik í auga setur upp sýninguna „Lög unga fólksins“ í tilefni Ljósanætur 2015. Verður horft til þessa vinsæla útvarpsþáttar, Lög unga fólksins, og gerð grein fyrir ákveðinni togstreitu sem myndaðist milli kynslóða vegna lagavalsins. Söngvarar sýningarinnar verða þau Stefanía Svavarsdóttir, Egill Ólafsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Pétur Örn Guðmundsson. Sögumaður er Kristján Jóhannsson og hljómsveitarstjóri er Arnór Vilbergsson. Miðaverð 5.300 krónur.

**Hvað?** Júníus Meyvant
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Vestmanneyski tónlistarmaðurinn Júníus Meyvant heldur tónleika á Græna hattinum í kvöld, en hann hefur verið að gera það býsna gott upp á síðkastið.

**Hvað?** Mixophrygian heldur útgáfutónleika
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hostel
Hljómsveitin Mixophrygian fagnar útgáfu sinnar fyrstu plötu með tónleikum í kvöld. Platan inniheldur 14 lög og verður hún tekin í heild sinni í fyrsta skipti, og verður einungis fáanleg á rafrænu formi. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Fatamarkaður og Swap Meet
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gaukurinn
Hægt verður að mæta og næla sér í borð þar sem má selja föt en einnig verður á svæðinu svokallað „swap meet“-horn, þar sem fólk getur skipst á fötum, en þar er allt gefins. Happy hour á barnum.

**Hvað?** Magnús og Ívar trúbadorar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** English Pub, Austurstræti
Tvíeykið spilar og trallar á English Pub í kvöld, aðgangur ókeypis.



Egill Ólafsson syngur í slagtogi við einvalalið söngvara.

# HAUSTTILBOÐ

## Hlý og notaleg rúm fyrir veturinn

## 30% afsláttur

Fáðu fría legugreiningu og faglega ráðgjöf þegar þú kaupir rúm







Allir aukahlutir á **30%** afslætti með seldum rúmum/dýnum

Bjóðum uppá vaxtalausar rað-greiðslur til allt að 12 mánaða





VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2, Kópavogi (við hliðina á Bónus)
**Sími 544 2121 - www.rumgott.is**



20:15
**LÝÐVELDIÐ**
Nýr og ferskur íslenskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum til dæmis um stefnumótamenningu landans og tilhugalíf.

FRÁBÆR
**MIÐVIKUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



20:40
**COVERT AFFAIRS**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



21:20
**MISTRESSES**
Bráðskemmtilegir bandarískir þættir um fjórar vinkonur og skrautleg samskipti þeirra við hitt kynið.



22:50
**MAJOR CRIMES**
Hörkuspennandi þættir um lögreglukonu sem er ráðin til morðrannsóknadeildar innan lögreglunnar í Los Angeles.



22:00
**JESSE STONE: BENEFIT OF THE DOUBT**
Skemmtileg bíómynd um spæjaraparið Jesse og Rosie sem eru leikin af Tom Selleck og Kathy Baker.



3 21:35
**COLD CASE**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.



Krakkastöðin 19:00
**LÁSI LÖGGUBÍLL**
Skemmtileg teiknimynd um Lása sem fær það verkefni að passa upp á Arnarmömmu sem er í útrýmingahættu.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**




# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** Big Time Rush
**08.10** The Middle
**08.30** The Crazy Ones
**08.55** Mom
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Höfðingjar heim að sækja
**11.30** Heimsókn
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nashville
**13.45** Nashville
**14.35** White Collar
**15.20** Restaurant Startup
**16.05** Big Time Rush
**16.30** Up All Night
**16.55** Raising Hope
**17.40** Nágrannar
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.20** Víkingalottó
**19.25** The Middle
**19.45** Mindy Project
**20.10** Lýðveldið Lýðveldið er nýr og ferskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum, til dæmis um stefnumótamenningu landans og tilhugalíf.
**20.35** Covert Affairs
**21.15** Mistresses
**22.00** Rita Þriðja þáttaröðin um Ritu, kennslukonu á miðjum aldri sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja það sem henni finnst.
**22.50** Major Crimes
**23.30** Real Time with Bill Maher
**00.30** NCIS
**01.10** Tyrant
**02.00** Death Row Stories
**02.45** The Iceman
**04.30** Spring Breakers



Simpsons, 18.05

### SPORT

**11.40** Selfoss - Stjarnan
**13.30** Real Madrid - Real Betis
**15.10** Spænsku mörkin 2015/2016
**15.40** League Cup Highlights 2014/2015
**16.10** Milan - Empoli
**17.50** Roma - Juventus
**19.30** Ítölsku mörkin 2015/2016
**20.00** KR - Valur
**21.50** Pepsimörkin 2015
**23.20** Napoli - Sampdoria

### SPORT 2

**10.00** Goðsagnir - Steingrímur Jó
**10.45** Premier League Review 2015
**11.40** Southampton - Norwich
**13.25** Premier League World 2014
**13.55** Tottenham - Everton
**15.40** Newcastle - Arsenal
**17.20** Messan
**18.40** Liverpool - West Ham
**20.30** Chelsea - Crystal Palace
**22.20** Blackburn - Bolton
**00.05** Football League Show 2015/16
**00.35** Man. City - Watford

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Tour 2015
**13.05** Golfing World 2015
**13.55** PGA tour 2015
**16.25** PGA Tour 2015 - Highlights
**17.20** Golfing World 2015
**18.10** Champions Tour Highlights
**19.05** PGA Tour 2015

### STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.35** Cristela
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Baby Daddy
**20.10** Legit
**20.30** The Originals
**21.15** The Mysteries of Laura
**22.00** Witches of East End
**22.45** Sirens
**23.10** Supernatural
**23.55** Hart of Dixie
**00.35** Baby Daddy
**01.00** Legit
**01.25** The Originals
**02.05** The Mysteries of Laura
**02.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN



Latibær, 17.25

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Tommi og Jenni
**07.55** UKI
**08.00** Ofurhundurinn Krypto
**08.22** Lína langsokkur
**08.47** Stóri og Litli
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.25** Latibær
**09.47** Zigby
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Leyndarmál vísindanna
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Tommi og Jenni
**11.55** UKI
**12.00** Ofurhundurinn Krypto
**12.22** Lína langsokkur
**12.47** Stóri og Litli
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.25** Latibær
**13.47** Zigby
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Leyndarmál vísindanna
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Tommi og Jenni
**15.55** UKI
**16.00** Ofurhundurinn Krypto
**16.22** Lína langsokkur
**16.47** Stóri og Litli
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.25** Latibær
**17.47** Zigby
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Leyndarmál vísindanna
**19.00** Lási löggubíll

### GULLSTÖÐIN

**17.40** Strákarnir
**18.10** Friends
**18.35** New Girl
**18.55** Modern Family
**19.20** How I Met Your Mother
**19.45** Tekinn
**20.10** Beint frá messa
**20.50** Chuck
**21.35** Cold Case fyrir
**22.20** Curb Your Enthusiasm
**22.55** Cold Feet
**23.50** Tekinn
**00.15** Beint frá messa
**00.55** Chuck
**01.40** Cold Case
**02.20** Curb Your Enthusiasm
**02.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**10.35** Inside Job
**12.25** The Other End of the Line
**16.15** Inside Job Heimildarmyndin Inside Job fjallar ítarlega um efnahagshrunið 2008, sem var versta niðursveifla í efnahagskerfi heimsins síðan í kreppunni miklu á þriðja áratug síðustu aldar. Myndin er unnin upp úr rannsóknum og viðtölum við aðila í lykilstöðum í fjármálaheiminum, stjórnmálum, fjölmiðlum og háskólasamfélaginu í Bandaríkjunum, Íslandi, Englandi, Frakklandi, Singapúr og Kína. Sögumaður er Matt Damon.
**18.05** The Other End of the Line
**19.55** Silver Linings Playbook Einstaklega vel leikin og skemmtileg mynd sem byggð er á samnefndri bók eftir Matthew Quick með Bradley Cooper, Robert De Niro og Jennifer Lawrence, sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni. Myndin fjallar um mann að nafni Pat sem flytur heim til foreldra sinna, staðráðinn í að hefja nýtt líf eftir að hafa dvalið á stofnun fyrir fólk með geðraskanir eftir að hafa tapað öllu. Dag einn er Pat kynntur fyrir konu að nafni Tiffany en hún er á ekki ósvipaðri línu og hann sjálfur. Á milli þeirra Pats og Tiffany þróast síðan stórsniðugt og sérstakt samband.
**22.00** Jesse Stone: Benefit of the Doubt
**23.30** Grudge Match
**01.25** The Fighter

### RÚV

**16.30** Ráðgátur Murdoch
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Gló magnaða
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Neytendavaktin
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Íþróttaafrek sögunnar
**20.30** Innsæi
**21.15** Brynhildur Þorgeirsdóttir
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Fimm brotnar myndavélar
**23.50** Kóðinn
**00.45** Kastljós
**01.10** Fréttir
**01.25** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** Welcome to Sweden
**15.00** Reign
**15.45** Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
**16.15** America's Next Top Model
**17.00** Royal Pains
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Talk
**19.10** Million Dollar Listing
**19.55** Growing Up Fisher
**20.15** America's Next Top Model
**21.00** Girlfriends' Guide to Divorce
**21.45** Satisfaction
**22.30** Sex & the City
**22.55** Madam Secretary
**23.40** Agents of S.H.I.E.L.D.
**00.25** Extant
**01.10** Girlfriends' Guide to Divorce
**01.55** Satisfaction
**02.40** Sex & the City
**03.05** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

**FM 88,5** X-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



MAGGI EIRÍKS
AUKATÓNLEIKAR
laugardaginn 19. september kl. 17
Miðasala á harpa.is | 528 5050 | tix.is
70 ára
Reyndu aftur
Braggablús
Elska þig
Vegurinn heim
Samferða
Ó, þú
Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við: KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson og Ragnheiður Gröndal. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.
Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.
Kl. 21 – Uppselt
Kl. 17 – Aukatónleikar
Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is
HARPA
DÆGURFLUGAN

# Götutískan í MS

Fréttablaðið kíkti í heimsókn í Menntaskólann við Sund og fékk að mynda nokkra flott klædda nemendur. Það er greinilegt að MS-ingar eru með haust-tískuna á hreinu og ef einhver er í vandræðum með hvernig á að klæða sig yfir komandi mánuði þá er hægt að sækja innblástur til þessara tískufrömuða.



**Arnór Siggeirsson** 17 ára
JAKKI H&M PEYSA H&M BUXUR Dr. Denim SKÓR Timberland

**Jóna K. Leifsdóttir** 19 ára
JAKKI H&M BOLUR Forever 21 SKÓR Dr Martens



**Karen Lind Ingólfsdóttir** 19 ára
JAKKI Gina Tricot KJÓLL Modström SKÓR Fókus



**Björgvin Þ. Halldórsson** 16 ára
JAKKI Gallerí 17 PEYSA H&M BUXUR Jack & Jones SKÓR Pull & Bear



**Sigríður María Einarsdóttir** 17 ára
JAKKI Topshop BOLUR Zara BUXUR Vero Moda SKÓR Primark



**Katla Sigríður Magnúsdóttir** 17 ára
BOLUR H&M BUXUR H&M SKÓR Converse

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010


FRUMSÝNING Í HÖRPU
17. OKTÓBER 2015
MIÐASALA Í HÖRPU OG Á TIX.IS
WWW.OPERA.IS
ÍSLENSKA ÓPERAN
Rakarinn frá Sevilla
ROSSINI
Figaro: Oddur Arnþór Jónsson, Almaviva greifi: Gissur Páll Gissurarson,
Rosina: Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir / Sigríður Ósk Kristjánsdóttir,
Doktor Bartolo: Bjarni Thor Kristinsson / Jóhann Smári Sævarsson,
Don Basilio: Kristinn Sigmundsson / Viðar Gunnarsson,
Fiorello: Ágúst Ólafsson, Berta: Valgerður Guðnadóttir
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir / Hljómsveitarstjóri: Guðmundur Óli Gunnarsson
Búningar: María Th. Ólafsdóttir Leikmynd: Steffen Aarfing
Ljósahönnun: Jóhann Bjarni Pálmason




**TIMEOUT** hægindastóllinn er hannaður af **Jahn Aamondt** með fagurfræði og þægindi að leiðarljósi. Stóllinn fæst hjá Betra Baki í ótal útfærslum. Svörtu leðri og hnotu, svörtu leðri og ljósri eik, lime grænu, rauðu eða hvítu leðri og svörtum botni, brúnu leðri allan hringinn, gráu slitsterku áklæði o.fl., með eða án skemils.



www.betrabak.is

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík · Sími 588 8477 | Opið virka daga frá kl. 10-18 & Laugard. frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri · Sími: 558 1100 | Skeiði 1, Ísafirði · Sími 456 4566 |

Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is 365




Óhætt er að segja að ferill Glowie fari af stað með látum og að upphitun fyrir Jessie J. sé ágætis veganesti til Bandaríkjanna, en hún heldur utan í október.

# Hitar upp fyrir Jessie J.

„Þetta er risastórt,“ segir hin átján ára gamla Glowie sem var að fá staðfestingu á því að hún muni hita upp fyrir átrúnaðargoðið sitt.

„Þetta er ekkert smá, ég er í skýjunum en á sama tíma brjálæðislega stressuð líka,“ segir Sara Pétursdóttir, eða Glowie, sem hita mun upp fyrir Jessie J. sem heldur tónleika í Laugardalshöll þann 15. september næstkomandi. „Ég átti ekki von á þessu þannig séð, þegar Sindri sagði mér frá þessu fyrst var ég frekar róleg, enda þarf Jessie að samþykkja hver hitar upp fyrir hann, og fannst ólíklegt að hún myndi samþykkja mig, Glowie, sem hefur bara gefið út eitt lag,“ útskýrir Glowie, skýjum ofar.

Svo leið tíminn og ekki heyrðist múkk í Jessie, svo það kom ansi flatt upp á Glowie þegar í ljós kom að hún hefði verið valin. „Ég hef alltaf verið aðdáandi hennar, og það sem heillar mig mest er þessi fáránlega stjórn á röddinni. Þegar ég var yngri reyndi ég nákvæmlega við þetta, og draumurinn alltaf að ná að beita þessari tækni og hafa þessa stjórn sem hún hefur.“

Glowie segir því mikla vinnu fram undan, en líkt og áður segir hefur hún aðeins sent frá sér eitt lag, No More, sem hefur notið gífurlegra vinsælda í sumar.

„Ég er núna að vinna með nokkur í viðbót, svo það má segja að það verði eitthvað um frumflutning á efni frá mér á tónleikunum,“ segir Glowie og gefur lesendum loforð um að allir muni finna eitthvað fyrir sig, en ekkert aldurstakmark er á tónleikana, þótt börn yngri en tólf ára skuli vera í fylgd með fullorðnum. Segir í tilkynningu frá tónleikahöldurum að vissara sé fyrir yngri börn að hafa með sér eyrnatappa og gott sé að halda þeim frá miðri þvögunni, þar sem stemningin eigi vafalaust eftir að verða gríðarleg og hávaðinn eftir því, enda um stórtónleika að ræða. **gudrun@frettabladid.is**




Jessie J. á sér risastóran aðdáendahóp, enda seldust miðar upp á aðeins þremur sólarhringum.

## JESSIE J. Á HUNDAVAÐI



Hin breska Jessica Ellen Cornish, er fædd þann 27. mars árið 1988 í London. Upphaflega gat hún sér gott orð fyrir lagasmiðar og sá til að mynda um að semja fyrir Chris Brown og **Miley Cyrus**.



Árið 2010 söðlaði hún svo um og gaf út lagið Do It Like a Dude, sem hún samdi upphaflega með **Rihönnu** í huga. Lagið skilaði henni á topplista svo ekki varð aftur snúið. Síðan hefur hún fjöldaframleitt smelli fyrir sig og aðra, og ber þar helst að nefna Price Tag, Nobody's Perfect og Bang Bang.



Hún hefur síðan komið fram um heim allan, og lokaði til að mynda Ólympíuleikunum í London árið 2012, og dundar sér við að dæma í The Voice, bæði í Bretlandi og í Ástralíu, á milli þess sem hún töfrar fram nýja smelli. Þá hefur hún unnið fjöldann allan af verðlaunum og selt yfir þrjár milljónir platna um heim allan.




# LAGERSALA




**ESJA**
DÖMU DÚNÚLPA
~~34.990 KR.~~
17.495 KR.




**HRÖNN**
DÖMU ÚLPA
~~32.990 KR.~~
16.495 KR.




**ÍRIS**
DÖMU DÚNVESTI
~~19.990 KR.~~
9.995 KR.




**ÞRAUKA**
DÖMU ÚLPA
~~34.990 KR.~~
17.495 KR.




**REKA**
DÖMU DÚNÚLPA
~~39.990 KR.~~
19.995 KR.




**REKA**
HERRA 2JA LAGA JAKKI
~~25.900 KR.~~
4.990 KR.




**ÍSA**
HERRA SKÍÐAÚLPA
~~39.990 KR.~~
7.990 KR.




**ÞRAUKA**
HERRA ÚLPA
~~34.990 KR.~~
17.495 KR.




**FROSTI**
BARNA SKÍÐAÚLPA
~~16.990 KR.~~
10.195 KR.




**LEIKA**
BARNA KULDAGALLI
~~17.990 KR.~~
12.595 KR.

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

## OPNUNARTÍMI

**MIÐVIKUD. 2. SEPT - MÁNUD. 7. SEPT**

VIRKA DAGA KL. 12:00 - 19:00
LAUGARDAG KL. 11:00 - 18:00
SUNNUDAG KL. 12:00 - 18:00

## FACTORY STORE

NÝBÝLAVEGI 6 | 200 KÓPAVOGI | 412-5869

ZO•ON ICELAND

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Viktoríu Hermannsdóttur



# Hjálpum þeim

Þúsundir Íslendinga hafa undanfarna daga boðið fram aðstoð sína til hjálpar sýrlensku flóttafólki. Á Facebook-síðunni Kæra Eygló Harðar – Sýrland kallar hefur fólk boðið fram allt frá húsaskjóli, fötum til kennslu og vináttu til handa flóttafólki. Fólk sem á lítið sem ekkert hefur boðið fram allt sem það getur. Þessi ótrúlegi samtakamáttur er lýsandi fyrir þjóð okkar og nokkuð sem við eigum að vera stolt af. Við stöndum saman þegar reynir á. Og sá samtakamáttur má skila sér út í heim.

Þó heyrast raddir þeirra sem þykir nóg um og segja að við eigum fyrst að hjálpa Íslendingum. Hér sé fullt af fólki sem eigi ekki í sig og á. Það er alveg rétt að hér er fólk sem mætti hafa það betra. Það er dýrt að lifa og búa á Íslandi. Margir öryrkjar hafa það skítt og margir eldri borgarar líka. Hins vegar skortir okkur ekki neitt. Hér eru góð úrræði fyrir þá sem minna mega sín. Öryggisnet Íslendinga er gott. Hér getur fólk fengið hjálp frá hjálparstofnunum, bæði við að fá húsaskjól, fæði og klæði. Það eru auðvitað ekki kjöraðstæður og getur verið niðurlægjandi fyrir þann sem þarf að sækja sér þannig aðstoð. Auðvitað ætti það ekki að vera þannig. En við erum samt á lífi. Við þurfum ekki að flýja stríð. Við erum örugg. Á Íslandi hafa allir skjól á einhvern hátt.

Annað en hægt er að segja um flóttamenn, sem flýja heimalandið þar sem ríkir stríðsástand og þeirra bíður ekkert nema dauðinn. Nú þegar hafa allt of margir dáið.

Við erum öll manneskjur og lifum saman í einum heimi. Öll mannslíf skipta máli; íslensk og sýrlensk. Við eigum að hjálpa þeim sem minna mega sín, hvaðan sem þeir koma úr heiminum. Myndum við ekki vilja aðstoð ef við værum í sömu sporum? Við getum og við eigum að hjálpa þessu fólki að öðlast nýtt líf. Það er beinlínis skylda okkar.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir
Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft …




Alicante
Hótel Almirante ***
Verð á mann m. v. 2 fullorðna. Tímabil: Nóv.; 7.-10. 14.-17., 21.-24., & 28.- 5.des. '15. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 3 nætur m. morgunverði og taska 20 kg báðar leiðir.
Frá: 55.200 kr.

Albir
Albir Playa ****
Verð á mann m. v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára).* Tímabil: 20.-27. okt. '15. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðar leiðir.
*Verð á mann frá 105.700 kr m. v. 2 fullorðna.
Frá: 85.200 kr.

Albir
Sun Palace ****
Verð á mann m. v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára)* Tímabil: 20.-27. okt. '15. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur m. morgunverði og taska 20 kg báðar leiðir.
*Verð á mann frá 74.300 kr. m. v. 2 fullorðna.
Frá: 62.900 kr.

Albir
Kaktus ****
Verð á mann m. v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára)* Tímabil: 20.-27. okt. '15. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og taska 20 kg báðar leiðir.
*Verð á mann frá 97.840 kr. m. v. 2 fullorðna.
Frá: 88.300 kr.

Gaman Ferðir fljúga með WOW air / www.gaman.is / gaman@gaman.is / S: 560 2000
Gaman Ferðir